



PITT

# FRÉTTABLAÐIÐ

17. nóvember 2009 – 272. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## PRÍÐJUDAGUR



### Vegleg dagskrá

Söngsveitin Filharmónía fagnar hálftrar aldar afmæli sínu.

TÍMAMÓT 18

## Heldur styrktartónleika

Alan Jones skipuleggur styrktartónleika á Spot í Kópavogi á fimmtudaginn og mun allur ágóðinn renna til Ellu Dísar.

FÓLK 22



## Æfir með Reading

Gunnar Heiðar Porvaldsson er til reynslu hjá Reading í Englandi.

ÍÞRÓTTIR 26

## Athafnavika

### Vill orkuskipti

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fékk afhenta fyrstu „athafnateygjuna“.

ATHAFNAVIKA 12

## VEÐRIÐ Í DAG



**ÚRKOMULÍTIÐ** Í dag verða víðast norðan eða norðaustan 5-10 m/s. Yfirleitt úrkomulítið, en stöku el norðan til og dálítil væta með SV-ströndinni. Hiti um frostmark norðan til, en 1-5 stiga hiti syðra.

VEÐUR 4

# Atvinnuleysisbætur lækki hjá fólki undir 25 ára aldri

Aðilum vinnumarkaðarins voru í gær kynntar hugmyndir sem miða að því að koma ungu atvinnulausu fólki til verka. Forseti ASÍ segir ekki mega „svelta fólk í úrræðin“. Hluti bóta fólks 18 til 24 ára á að fjármagna aðgerðir.

**FÉLAGSMÁL** Hluti atvinnuleysisbóta fólks á aldrinum 18 til 24 ára verður notaður til að fjármagna menntunarkosti, gangi eftir hugmyndir í drögum að nýjum lögum um atvinnuleysis-tryggingar.

Hugmyndirnar voru kynntar fyrir formönnum samtaka vinnumarkaðarins á fundi í félags- og tryggingamálaráðuneytinu síðdegis í gær.

Þar er verið að gera ýmsar breytingar, þótt fyrst og fremst sé horft til ungs atvinnulauss fólks og hvernig auka megi virkni þeirra á ný. Samkvæmt gögnum ráðuneytisins falla um 2.500 ungmenni á aldrinum 18 til 24 ára í hóp þeirra sem eiga við langvarandi atvinnuleysi að stríða. Hugmyndin mun vera að koma þeim hópi sem mest í skóla eða starfsþjálfun.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ), segir að hjá verkalýðsfélögum hafi menn haft af því áhyggjur að ekki hafi verið nógu mikið lagt upp úr „virknivæðingu“ ungs atvinnulauss fólks. „En þær hugleiðingar sem uppi eru núna um að fólk 24 ára og yngri borgi þessa virknivæðingu sjálfst hugnast okkur afar illa,“ segir hann.

Gylfi segist ekki sjá að hæft sé með rökum að halda því fram að þótt fólk sé á ákveðnum aldri eigi að skerða bótarétt þess til að fjármagna virkar aðgerðir í þess þágu. „Við búum við það á Íslandi að hátt hlutfall vinnumarkaðarins hefur takmarkaða menntun. Og við lögðum mikla áherslu á það að fá hér löggjöf um virkar vinnumarkaðsaðgerðir og fjármagn til að hrinda þeim í framkvæmd frá hinu opin-

bera. Það hefur, við þær aðstæður sem við búum við núna, verið erfitt,“ segir Gylfi og kveður það meðal annars hafa leitt til þess að ASÍ hafi viljað taka kerfið að sér og nálgast verkefnið á öðrum forsendum. Atvinnurekendur hafi viljað taka þátt í þessu. Áherslurnar í frumvarpsdrögum segir hann að ýti frekar á breytingar í þessa átt.

Gylfi segir skort á sjálfstrausti og vandamál tengd langvarandi atvinnumissi ekki bundin við aldurshópinn 18 til 24 ára og mikilvægt að auka virkni þeirra einstaklinga sem í þessari stöðu séu. „En leiðin til þess er ekki í því falin að svelta fólk inn í úrræðin,“ segir hann og kveðst treysta orðum ráðherra um að lagst verði í frekari skoðun á málinu áður en nýtt lagafrumvarp verði kynnt.

- óká / Sjá síðu 6



**RÁN Á RÁNARGÖTU** Tveir menn um tvítugt í hettuúlpum lögðu leið sína í Pétursbúð upp úr klukkan sjö í gærkvöld og heimtuðu peninga úr kassanum. Afgreiðslukona varð við kröfunni og við svo búið hurfu mennirnir út í myrkið. Engin vopn voru með í för. Óljóst er hversu mikið ræningjarnir höfðu upp úr kafsínu en lögregla hóf strax rannsókn málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Alþjóðlegur árveknidagur: Líkur á að mein í lungum greinist fyrr

**HEILSA** „Líkur benda til að greina megi lungnakrabbamein fyrr og á lægra stigi en algengast er nú.

Rannsóknir á notkun tölvusneiðmynda-tækni til skimunar skera úr um það en niðurstaðna úr þeim er að vænta innan fárra missera. Slík tækni er fyrir hendi hér á landi,“ segir Tómas Guðbjartsson, prófessor við HÍ og yfirlæknir á skurðeild Landspítalans.

Lungnakrabbamein er það krabbamein sem dregur flesta Íslendinga til dauða. Orsakir þess má í nútíu prósent tilfella rekja til reykinga.

- gun sjá allt í miðju blaðsins.



TÓMAS GUÐBJARTSSON

## Formaður fjárlaganefndar segir nýjan Icesamning síst lakari en í fyrra frumvarpi: Icesave-frumvarpið úr nefnd

**STJÓRNMÁL** „Við teljum að þær breytingar sem gerðar hafa verið hafi síst gert málið lakara frá lögnum í sumar,“ segir Guðbjartur Hannesson, alþingismaður Samfylkingar og formaður fjárlaganefndar.

Meirihluti fjárlaganefndar afgreiddi í gær álit um frumvarp um ríkisábyrgð á Icesave. Í álitinu eru engar breytingar lagð-

ar til við frumvarpið. Guðbjartur segir álitinu væntanlega verða lagt fram á Alþingi í dag. „Síðan þurfum við að bíða eftir nefndarálit minnihlutans og síðan verður þetta tekið á dagskrá þegar þingforseti ákveður,“ segir Guðbjartur sem kveðst telja gríðarlega góðan áfanga að Icesave-málið sé komið úr fjárlaganefnd.

Nefndarálit meirihlutans var

sambykkt af fulltrúum Samfylkingar og Vinstri grænna. Aðspurður segist Guðbjartur telja öruggt að Alþingi verði búið að gera nýja frumvarpið að lögum áður en frestur sem gefinn var til þess rennur út um mánaðamótin. Hann viti þó ekki hvernig atkvæði muni falla í þinginu. „Ég hef ekki gert neina hausatalningu,“ segir hann.

- gar

71,4%

29,3%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 - október 2009.

Rífindi góður á: **Pastaréttinn Pizzuna Ofnréttinn**

**Pizza toppur**

Tvær pakkningar í einni: **2x90g**

ms.is

GÓMSÆT GJÖF FYRIR SÆLKERA

Kynnið ykkur úrvalið af sælkeraostakörfum á ms.is



Auður, ertu að reyna að koma í veg fyrir koddaslag?

„Ég er hrifnari af koddahjál og vil leggja mitt af mörkum með peppinu.“

Auður Ögn Árnadóttir hannar þúða með jákvæðum boðskap sem eiga að minna á hið góða í lífinu.

Jóhannes í Bónus:

## Ætla að borga allar skuldir

**VÍÐSKIPTI** Jóhannes Jónsson, oft kenndur við Bónus, segir fjölskyldu sína ætla að borga allar sínar skuldir. Vöruveró í verslunum Haga komi ekki til með að hækka haldi fjölskyldan yfirráðum sínum í fyrirtækinu. Jóhannes segir mikilvægt að jafnræði sé gætt þegar kemur að afskriftum skulda. Rætt var við hann í Kastljósinu í gærkvöldi.

Bónusfjölskyldan hefur undanfarið unnið að því að fá nýja fjárfesta til að leggja pening í eignarhaldsfélagið 1998 sem hefur verið í eigu fjölskyldunnar.

- mmg

## Palestinumenn afla fylgis: Vilja stuðning Evrópuríkja

**PALESTÍNA, AP** Palestínustjórn hefur beðið Evrópusambandið um stuðning við þau áform Palestínumanna að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna viðurkenni sjálfstætt ríki Palestínu án samþykkis Ísraels.

Palestínumenn hafa gripnið til þessa ráðs vegna þess hve illa gengur í friðarviðræðum við Ísrael.

„Við viljum stuðning allra ríkja alþjóðasamfélagsins,“ segir Saeb Erekat, aðalsamningamaður Palestínustjórnar. Hann segir að Bandaríkjastjórn verði einnig beðin um stuðning.

- gb



SAEB EREKAT

Fyrirmynd James Bond átti rætur að rekja til Íslands:

# Gata nefnd eftir íslenska 007

**FÓLK** William Samuel Stephenson, sem átti ættir að rekja til Íslands og er því hiklaust talinn einn af sonum Þjóðarinnar, verður á sunnudag sýndur sá heður í Winnipeg að gata verður nefnd eftir honum. Gatan, sem nú kallast Water Avenue, mun þá verða nefnd William Stephenson Way.

Stephenson fæddist í Winnipeg árið 1897 af íslenskri móður. Faðir hans kom frá Orkneyjum. Hann skráði sig í kanadíska herinn árið 1916 og fór til Englands. Flugvél hans var skotin niður yfir Þýskalandi og hann dvaldi í þýskum fangabúðum þar til í desember 1918.



**STEPHENSÓN** Pó Bretadrottning hafi aðlað William víta Íslendingar sem er að hann tilheyrir fósturjörðinni.

Árið 1921 flutti hann til Bretlands og komst í kynni við áhrifa-ríka menn þar. Hann varaði mjög

við uppgangi Adolfs Hitler og í seinni heimsstyrjöldinni varð hann einn af yfirmönnum bresku leyniþjónustunnar og sá um samhæfingu allra aðgerða hennar á Vesturlöndum. Hann hafði aðsetur í New York og meðfram starfi sínu fyrir Breta lagði hann hönd á plóginn við að stofna undanfara bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

Stephenson var aðlaður af Bretadrottningu og Ian Fleming, höfundur sagnanna um James Bond, hefur sagt hann vera fyrirmynd jósnarans. Númer Stephenson í hernum var 38007.

- kóp

Afmælishátíð NASA:

## Íslenskur skóli tekur þátt

**SKÓLAMÁL** Fjölbrotaskóli Snæfellinga hefur verið valinn til þess að taka, í samstarfi við Nýherja, þátt í afmælishátíð bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA í Bandaríkjunum, sem haldin er í tilefni þess að 40 ár eru um þessar mundir liðin frá því að maður steig fyrst fæti á tunglið.

Skólinn er einn fimm framhaldsskóla utan Bandaríkjanna sem tekur þátt í hátíðinni í gegnum gagnvirka útsendingu frá Johnson Space Center í Bandaríkjunum. Mikil dagskrá verður í skólanum þann 19. nóvember í tengslum við afmælið.

- gb

# Hrædd um börnin á leiðinni í bótaviðtöl

Móðir á Þingeyri þorir ekki lengur að senda atvinnulaus börn sín til Ísafjarðar á tíða skyldufundi hjá Vinnuálastofnun. Gemlufallsheiðin sé of hættuleg á veturna. Fulltrúi Vinnuálastofnunar segir mikilvægt að ungt fólk haldi virkni.

**ATVINNUMÁL** „Börnin mín fara ekki að drepa sig hérna til þess eins að fá bætur,“ segir Soffía Nönnudóttir, móðir þriggja stálpaðra ungmenna á Þingeyri. Hún er afar ósátt við kröfur Vinnuálastofnunar um að atvinnulaus börn hennar sækji reglulega fundi og námskeið á Ísafirði til að halda bótum. Það kalli á að þau fari akandi yfir Gemlufallsheiðina sem á þessum árstíma geti verið glerhál og stórhættuleg.

Soffía segir fulltrúa Vinnuálastofnunar hafa skikkað börn hennar, 18 og 26 ára karlmenn og tvítuga konu, til að mæta vikulega í viðtal til hans til Ísafjarðar eigi þau að halda bótum sínum.

Þar að auki hafi þeim verið gert að sækja námskeiðið „Sterkari starfsmaður: Upplýsingatækni og samskipti“ sem ætlað er fólk í atvinnuleit á norðanverðum Vestfjörðum og hefst á föstudag. Námskeiðið er kennt í áttatíu klukkustundir nú fyrir jól og sjöfju eftir jól.

Auk þess, að mati Soffíu, sem Gemlufallsheiðin er mjög vafasöm að vetri til segir hún ferðirnar geta tekið heilu og hálfu dagana. Aðeins einn sonur hennar sé á bíl og þegar hann eigi ekki að mæta þurfi hin að taka rútu. Þau þurfi svo að biða tímunum saman að loknum fundi eftir rútu til baka.

„Það hlýtur einhver í Reykjavík að geta stoppað þessa vitleysu,“



**VARASÖM HEIÐI** Gemlufallsheiði liggur milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar. Hún er malbikuð en þar verður oft hált þegar frýs á vetrum.

MYND/BEJARIN BESTA

segir Soffía, sem telur fulltrúann á Ísafirði ganga afar hart fram gegn börnum hennar og sýna lítinn skilning.

Soffía hefur ákveðið að börn hennar muni ekki framfarleggi í þennan leiðangur í vetur. „Ég ætla ekki að horfa aftur á eftir þeim út í þessa dauðagildru yfir heiðina,“ segir hún og spyr hvað Vinnuálastofnun mun taka til bragðs ef bani hlýst af ferðalögum sem þessum.

Unnur Sverrisdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs hjá Vinnuálastofnun, segist ekki geta tjáð sig um þetta tiltekna mál. Hins vegar hafi ungt fólk verið sett í forgang þegar

kemur að því að reyna að halda fólk í virkni, enda sýni rannsóknir að sá hópur sé líklegastur til að verða samdauna atvinnuleysinu, ef svo megi segja.

Vinnuálastofnun beri skylda til að sinna hópnum vel og halda honum virkum og því sé mikil skylduþingni teiknuð inn í lög um atvinnuleysistryggingasjóð. „Þegar þú sækir um atvinnuleysisbætur þá ertu að sækja um vinnu í leiðinni og þú ert líka að sækja um þátttöku í vinnu- markaðsaðgerðum svokölluðum, og í þeim geta falist viðtöl og námskeið og annað slíkt,“ segir Unnur.

stigur@frettabladid.is



**KEVIN RUDD** Forsætisráðherra Ástralíu á fundi þar sem hann baðst afsökunar fyrir hönd ríkisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Munaðarlaus börn:

## Ástralíustjórn biðst afsökunar

**ÁSTRALÍA, AP** Kevin Rudd, forsætisráðherra Ástralíu, baðst í gær afsökunar á framferði Ástralalands, sem tóku illa á móti þúsundum munaðarlausra barna frá Bretlandi.

Bretar sendu um 150 þúsund munaðarlaus börn, allt frá sautjándu öld til ársins 1967, til fjarlæggra nýlendna þar sem víða var tekið á móti þeim af einskærum hrottaskap. Um sjö þúsund þessara barna eru enn á lífi í Ástralíu. Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, sagði á sunnudag að Bretar muni formlega biðjast afsökunar á þessu eftir áramótin næstu.

- gb

Dómstóll í Argentínu:

## Samkynhneigt par í hjónaband

**ARGENTÍNA, AP** Tveir karlmenn í Argentínu, þeir José María Di Bello og Alex Freyre, hafa fengið leyfi til að ganga í hjónaband. Athöfnin verður haldin 1. desember næstkomandi.

Í síðustu viku úrskurðaði dómari að lög, sem banna hjónabönd samkynhneigðra, brytu í bága við stjórnarskrá landsins. Mauricio Macri, borgarstjóri í Buenos Aires, sagði að borgin muni ekki áfrýja málinu til hæstaréttar:

„Við verðum að búa við og fallast á þennan raunveruleika: Heimurinn er að færast í þessa átt.“

- gb

Yfirmenn N1 taka tugi milljóna króna bónusgreiðslur út í varúðarskyni:

## Forstjórinn ekki uggandi

**VÍÐSKIPTI** Framkvæmdastjórnar og aðrir yfirmenn N1 hafa síðustu daga innlest af komutengd laun sem þeir eiga hjá félaginu vegna afkomu fyrirtækisins á síðasta ári. Upphæðirnar nema tugum milljóna króna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Eftir því sem næst verður komist telja stjórnendur fyrirtækisins ekki útilokað að það lenti í vanda vegna skulda og taki lánardrottinnar það yfir. Gerist slíkt fá þeir ekkert fyrir sinn snúð.

N1 hagnaðist um 474 milljónir króna á fyrri hluta þessa árs saman borið við 98 milljónir á sama tíma í fyrra. Veltan jókst um 12,5 prósent á milli ára og nam 17,2 milljörðum króna í ár.

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, vildi ekki tjá sig um launakjör starfsmanna í gær.

Langtímaskuldir N1 nema 8,5 milljörðum króna og eru á gjalddaga á næstu tveimur árum, samkvæmt síðasta ársreikningi félagsins. Tveir milljarðar króna voru á gjalddaga eftir um tvo mánuði og nokkuð liðið frá því fjórðungur skuldarrinnar var greiddur niður. Frá miðju næsta ári og fram á mitt ár 2011 eru rúmir 6,6 milljarðar á



**HERMANN GUÐMUNDSSÓN** Forstjóri N1 segir fyrirtækið eiga fé á reikningi og hafi greitt niður skuldir fyrir gjalddaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gjaldþaga. Hermann bendir á að lítil ástæða sé til að óttast um framtíð N1. Félagið hafi greitt niður skuldir og eigi 2,5 milljarða á bankareikningi fyrir næstu gjalddaga. „Við erum ekki í neinum vandræðum,“ segir hann.

- jab

# 75

## milljónir

á einni miða í desember

Þeir sem eiga miða í Hapdrætti Háskólans geta átt von á 75 milljóna afmælissvinningi í síðasta útdrætti ársins. Þú getur ennþá verið með! Tryggðu þér miða fyrir aðeins 1.000 kr. á mánuði. **Við drögum næst 24. nóvember!**

**HAPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS**  
Fáðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611

**75** ára  
mílljónir  
á einni miða



Aðeins  
í dag!

# Tilboð!

Verð frá:

# 8.900 kr.\*

Rödd skynseminnar hér.  
Það er nauðsynlegt að vera á  
tánum þegar góð tilboð detta inn...



Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta til  
Evrópu á frábæru tilboðsverði, frá **8.900 kr.**,  
aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.\*

**Bókunartímabil:** Frá kl. 12:00 á hádegi til kl. 23:59, 17. nóvember

**Ferðatímabil:** 17. nóvember - 15. desember 2009

**Áfangastaðir:** London Stansted, London Gatwick, Kaupmannahöfn,  
Berlín og Varsjá

Þú bókar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)!

\*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar  
og valin flug. Athugið að flugvallarskattar geta verið mismunandi eftir áfangastöðum.

**Iceland Express**   
með ánægju

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,39	122,97
Sterlingspund	204,11	205,11
Evra	116,70	117,38
Dönsk króna	24,589	24,733
Norsk króna	21,923	22,053
Sænsk króna	17,969	18,075
Japanskt jen	1,3666	1,3746

SDR	195,88	197,04
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
235,9811  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra um yfirlýsingu framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins:

# Finnst Strauss-Kahn skauta létt yfir

**ALÞINGI** Ég vil ekki halda því fram að framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi farið með staðlausa stafi. Mér finnst hann skauta létt yfir þessa tengingu en hann verður að bera ábyrgð á því sjálfur," sagði Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, á Alþingi í gær.

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vakti máls á því að í bréfi til Gunnar Sigurðssonar leikstjóra og fleiri Íslendinga, héldi Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri AGS, því fram að AGS hefði aldrei gert samninga um Icesave að skilyrði fyrir endurskoðun efnahagsáætlunar sjóðsins fyrir Ísland.

Birgir sagði þessa yfirlýsingu stangast á við ýmislegt sem Gylfi Magnússon og margir fleiri hafa haldið fram hér á landi. Birg-



**GYLFI MAGNÚSSON**

ir spurði Gylfa hvort hann teldi að framkvæmdastjóri AGS væri ekki að fara með rétt mál í bréfinu. Gylfi sagði að það væri rétt að enginn hafi viljað „sitja uppi með þá heitu kartöflu“ að hafa neitað málum Íslands um framgang innan AGS vegna Icesave. Í sjálftu sér væri það karp um keisarans skegg hvort það voru ríkisstjórnir Norðurlandanna eða AGS sem réði því að þetta skilyrði var sett. Hvort heldur er, hafi þetta legið fyrir mánuðum saman að niðurstaða fengist ekki fyrr en búíð væri að semja um Icesave.



**DOMINIQUE STRAUSS-KAHN** Framkvæmdastjóri AGS segist í bréfi aldrei hafa gert Icesave-samkomulag að skilyrði fyrir endurskoðun efnahagsáætlunar sjóðsins.



**CARTER Í TAILANDI** Aðstoðar við byggingu íbúðarhúsa.

Jimmy Carter:

## Segir enn rétt að hafa ekki gert árás á Íran

**TAILAND, AP** Jimmy Carter, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, segist ekki sjá eftir því að hafa haldið að sér höndum þegar byltingarstjórnin í Íran tók 52 Bandaríkjamenn í gíslingu árið 1979.

„Helstu ráðgjafar mínir voru ákveðnir í að ég ættri að gera árás,“ sagði Carter í Taílandi í gær. „Ég hefði getað lagt Íran í eyði með vopnabúnaði mínum. En ég taldi að gíslarnir gætu týnt lífinu í átökunum, og ekki vildi ég drepa 20 þúsund Írani. Þannig að ég gerði ekki árás.“

Gíslarnir voru í haldi Írana í sendiráði Bandaríkjanna í Íran í 444 daga. Carter segist sannfærður um að afstaða hans í þessu máli hafi orðið til þess að hann tapaði fyrir Ronald Reagan í forsetakosningum árið 1979. -gb

### LEIÐRÉTTING

Röng mynd birtist með nafni Guðmundar Kristins Ólafssonar húsasmiðs á forsiðu blaðsins í gær. Myndin var af samstarfsmanni Guðmundar.

# Atvinnumissir unnustu er mögulega orsök árásarinnar

Fórnarlamb skotárásar í Breiðholti talið hafa sagt unnustu árásarmanns upp störfum. Árásarmaðurinn bankaði upp á á heimili mannsins um hálf fjögur aðfaranótt sunnudags. Hann situr í gæsluvarðhaldi. Konan var látin laus undir kvöld í gær. Afbrotafræðingur segir snöggar þjóðfélagsbreytingar geta haft áhrif.

**LÖGREGLA** Par á þrítugsaldri var handtekið seint að kvöldi sunnudags vegna árásar með haglabyssu í Seljahverfi í Breiðholti um klukkan hálf fjögur aðfaranótt sunnudagsins. Maður á þrítugsaldri skaut nokkrum sinnum á úti-dyr og glugga, en húsráðandi náði að skella aftur hurðinni eftir að árásarmaðurinn hafði slegið hann í andlitið með byssuskeftinu.

Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns hjá rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, var árásarmaðurinn síðdegis í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til föstudags. Einnig var farið fram á gæsluvarðhald yfir konunni, en dómari hafnaði því. Konan var því látin laus.

Maðurinn sem ráðist var á býr einn í íbúð sinni og þekkti ekki árásarmanninn. Samkvæmt heimildum blaðsins tengjast þeir þó óbeint í því að fórnarlamb árásarinnar hafði verið vinnuveitandi unnustu árásarmannsins. Henni hafði verið sagt upp störfum og leikur því grunur á að um einhvers konar hefndaraðgerð hafi verið að ræða.

Nágrannar í nærliggjandi húsum vöknudu við skothvellina aðfaranótt sunnudagsins og var sumum hverjum nokkuð brugðið vegna atburðarins. Yfirheyrsl-

ur yfir þarinu stóðu fram á miðjan dag í gær, eða þar til þau voru leidd fyrir dómara síðdegis vegna gæsluvarðhaldskröfunnar. Friðrik Smári segir rannsókn málsins halda áfram, en hún beinist meðal annars að því hvað mannum hafi í raun gengið til þarna um nóttina. Maðurinn hefur játað að hafa skotið á húsið, en ekki liggur fyrir hvort ætlunin hafi verið að vinna húsráðanda mein.

Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir vert að staldra við ofbeldisglæpi sem þennan, þótt ekki sé hægt að draga víðtækar ályktanir um auknið óþol í samfélaginu og ofbeldisaukningu út frá einu dæmi. „Maður veit svo sem ekki hvað þarna lá að baki. Kannski var maðurinn bara að reyna að ganga í augun á unnustu sinni,“ segir hann en bætir um leið við að vissulega beri árásin dálítið „örvæntingarfyllt“ yfirbragð.

Helgi segir hins vegar þekkt að fyrst eftir snöggar samfélagsbreytingar, líkt og hér hafi orðið með efnahagshruninu, að fyrst á eftir geti orðið til nokkurs konar samhugur, en þegar frá líður og áhrif verða ljós á líf tiltekinna einstaklinga kunnari að gæta annarra áhrifa. „Einhverjir missa vinnuna og geta ekki borgað reikningana sína og þá er hægt að fara að búast við dálítið örvæntingarfyllum atburðum. Snöggar þjóðfélagsbreytingar geta haft áhrif út í samfélagið og hópar þjóðfélagsins eru misvel búnir til að takast á við þær.“

olikr@frettabladid.is



**VIÐ HÉRAÐSDÓM REYKJAVÍKUR** Maðurinn sem réðist með haglabyssu á heimili fyrverandi vinnuveitanda unnustu sinnar um helgina var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til föstudags.

**Á VETTvangi** Hurðin sem skotið var á með haglabyssu aðfaranótt sunnudags.

# VIÐ MÆLUM HEYRNINA ÞÍNA ÓKEYPIS!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Læknastöðin, Kringlunni • Tímarpantanir 568 7777 • heyrnarstodin.is

## VEÐURSPÁ

**Elisabet Margeirsdóttir**  
Veðurfréttamaður

**BREYTINGAR Á MORGUN** Það verður nokkuð bjart og skaplegt veður í fyrstu á morgun, en um hádegisbilið fer að hvesa og þykkna upp sunnanlands. Annað kvöld verður víða orðið nokkuð hvasst og á fimmtudag bætir heldur í úrkomu og hlýnar í veðri.

**Á MORGUN** Vaxandi austanátt og þykkna upp.

**FIMMTUDAGUR** 8-15 m/s, hvaslara NV- og SA-lands.

HEIMURINN	°C
Alicante	24°
Basel	19°
Berlín	12°
Billund	11°
Eindhoven	12°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	23°
London	12°
Mallorca	24°
New York	14°
Orlando	27°
Ósló	5°
París	16°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# JÓLASÓL Á TENERIFE



ALLIR ÆTTU AÐ FINNA EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI!

BROTTFÖR: 20.-27. DESEMBER 2009.

Parque del  
Sol

☆☆☆

7 dagar í íbúð

frá **115.949 kr.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Hótel Gala

☆☆☆☆

7 dagar með hálfu fæði

frá **152.024 kr.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn

Hótel Villa  
Cortes

☆☆☆☆☆  
LÚXUS

7 dagar með morgunverði

frá **179.722 kr.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn



SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar

## KJÖRKASSINN



Veiddir þú lax í sumar?

Já	9,8 %
Nei	90,2 %

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að taka upp samræmd loka-próf í grunnskólum að nýju?

Segðu þína skoðun á visir.is



## Búið er við að eignir landsbankans dugi fyrir tæplega 90% af forgangskröfum: Tólf þúsund kröfur í Landsbankann

**FJÁRMÁL** Bretar og Hollendingar fyrir hönd 350 þúsund innistæðueigenda gera rúmlega tólf hundruð milljarða króna kröfu í þrotabú Landsbankans. Sex hundruð starfsmenn gamla bankans gera launakröfur upp á 4,6 milljarða. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Listi yfir lýstar kröfur á hendur Landsbankanum var birtur kröfuhöfum í gær. Meira en tólf þúsund kröfur bárust. Íslenski innistæðu-tryggingasjóðurinn tekur yfir kröfu Breta og Hollendinga ef ríkisábyrgðin á Icesave verður samþykkt á þingi. Stöð 2 hafði eftir Páli Benediktssyni, upplýsingafulltrúa

skilanefndar Landsbankans, að samþykktar forgangskröfur, sem aðallega væru vegna Icesave, næmu um tólf hundruð og sjötíu milljórum króna.

Á sjötta hundruð starfsmenn gera launakröfu, fyrir að meðaltali rúmlega 7,5 milljón króna hver. Slíta-stjórn Landsbankans hefur ekki tekið afstöðu til allra launakrafna en slíkar kröfur er forgangskröfur.

Búið er við að um 87 til 89 prósent fái upp í forgangskröfurnar, launakröfur og Icesave. „Því er ljóst að ekkert mun fást upp í almennar kröfur sem nema væntanlega þúsundum milljarða,“ sagði í fréttum Stöðvar 2.



**FYRRVERANDI BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS** Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Arnason voru bankastjórar Landsbankans þegar hann komst í þrot.

## Porsteinn frá Hamri: Hlýtur verðlaun Jónasar

**LISTIR** Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra veitti í gær Þorsteini frá Hamri Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar í ár.

Í umsögn um Þorstein segir að hann sé á meðal okkar fremstu skálda. Á miðri atómöld hafi hann ort tvítugur að aldri undir dróttkvæðum hætti í bland við yngri og frjálsari form. Á mótunarárum Þorsteins hafi tekist á gamall og nýr síður í skáldskap og hann hafi glímt við þessi síðaskipti með sérstökum hætti. Hin gamla íslenska ljóðhefð hafi alla tíð átt sterkar rætur í honum.

- jhh

## Jólaaskreytinga- kvöld í Skútuvoði



kl. 20-22


Miðvikudag 18. nóv og fimmtudag 19. nóv

Skráið ykkur í síma 525 3000 eða á [jol@blomaval.is](mailto:jol@blomaval.is)

Takmarkaður sætafjöldi Ókeypis aðgangur

blómaval

## NÝ ÚTGÁFA af rúðupurrkum frá TRICO



TRICO

## Rúðupurrkur

NeoForm. Ný þurrkublöð frá Trico



Í LEIFSSTÖÐ Á fimmtudaginn í síðustu viku sagði Fréttablaðið frá því að leitað hefði verið á forseta Alþingis í Leifsstöð og rakti blaðið af því tilefni hverjir væru undanþegnir slíkrí leit. Eitthvað virðist málum blandið hverjir tilheyra þeim hópi.

## Lögreglumenn sæti vopnaleit í Leifsstöð

Tollverðir og lögreglumenn fara inn á öryggissvæði Leifsstöðvar án vopnaleitar þrátt fyrir að vera ekki undanþegnir leitinni að því er flugmálastjórn segir. Um er að ræða misskilning hjá flugmálastjórn segir talsmaður Keflavíkurflug-

**ÖRYGGISMÁL** Ósamræmi er milli þess sem flugmálastjórn segir um það hverjir eiga að vera undanþegnir öryggisleit í Leifsstöð og þess sem Keflavíkurflugvöllur ohf. segir vera sína starfsvenju.

Í Fréttablaðinu síðasta fimmtudag var haft eftir Friðþóri Eydal, fulltrúa hjá Keflavíkurflugvelli ohf., að meðal þeirra sem undanþegnir séu leit í öryggishliðum Leifsstöðvar séu tollverðir og lögreglumenn. Það sé í samræmi við fyrirmæli frá flugmálastjórn.

Þegar Fréttablaðið leitaði eftir því að fá skriflegan lista yfir þá sem eru undanþegnir öryggisleitinni reyndist ekki unnt að útvega slíkt skjal. Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi flugmálastjórnar, segir hins vegar ljóst að hvorki lögreglumenn né tollverðir

„Það á að leita á þeim eins og öllum öðrum sem fara inn á svæðið.“

**VALDÍS ÁSTA AÐALSTEINSDÓTTIR** UPPLÝSINGAFULLTRÚI FLUGMÁLASTJÓRNAR

séu undanþegnir. „Það á að leita á þeim eins og öllum öðrum sem fara inn á svæðið.“ segir Valdís. Undanþegnir séu aðeins forsetinn, forsætisráðherrann og makar þeirra auk erlendra þjóðhöfðingja sem eru hér í opinberri heimsókn og sérstaklega sé tilkynnt um frá utanríkisráðuneytinu.

Friðþór Eydal segir hins vegar að um einhvern misskilning hljóti að vera að ræða hjá flugmálastjórn. Undanþágan fyrir tollverði

og lögreglumenn sé stjórnvaldsaðgerð sem rúmist innan tilmæla frá Alþjóðaflugmálastofnuninni og samtökum flugmálastofnana í Evrópu. „Þetta eru menn sem starfs síns vegna þurfa að vera þarna. Þetta á til dæmis við um vopnaða lögreglu,“ fullyrðir Friðþór sem ítrekar þó að allir hefðbundnir starfsmenn í Leifsstöð, þar með talinn forstjórninn sjálfur, þurfi að sæta vopnaleit og geri það í sérstökum starfsmannahlið á fyrstu hæð.

Upplýsingafulltrúi flugmálastjórnar tekur ekki undir með Friðþóri varðandi tollverðina og lögreglumennina. „Það eiga allir að fara í þessa skimun. Ef þeir eru með vopn vegna sinnar vinnu þarf að láta vita af því þegar þeir koma í skiminna,“ segir Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir.

gar@frettabladid.is

Atvinnulaus ungmenni á aldrinum átján til tuttugu og fjögurra ára:

## Hafa lagað sig að lífi á bótum

**FÉLAGSMÁL** Atvinnulaus ungmenni á aldrinum 18 til 24 ára hafa mörg hver aðlagað sig því lífinni að vera á bótum. Þetta kemur fram í niðurstöðum rýnihópagreiningar sem kynnt var á fundi norræna atvinnuáráðherra sem fram fór í Reykjavík í síðustu viku. Kann- aðar voru aðstæður og viðhorf í fimm hópum, þremur í Reykjavík og tveimur á Suðurnesjum. Í greiningunni kemur fram að í mörgum tilvikum búi ungmennin í foreldrahúsum, hafi snúið sólarhringnum við og hafi hvorki áhuga á skóla né vinnu.

Árni Páll Arnason, félags- og tryggingamála, segir að langtímaatvinnuleysi ungs fólks sé með alvarlegri vandamálu sem hér sé staðið frammi fyrir.



Í REYKJAVÍK Gripa á til aðgerða til að ýta við ungmennum sem hvorki virðast hafa áhuga á skóla né vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það virðist vera vaxandi tilhneiging til að ungt fólk verði eins og utanveltu og finni sig hvorki á vinnumarkaði né í skólakerfinu. Langtímaatvinnuleysi getur svo líka leitt til ótímabærrar örorku í framhaldinu og þetta er auð-

vitað vandi sem takast verður á við,“ segir hann, en málið var til umfjöllunar á fundi norræna atvinnuáráðherra sem hér fór fram í síðustu viku. „Langtímaatvinnulaus ungmenni hér núna eru um þrjú þúsund og þetta verður okkar stærsta víðfangsefni núna,“ segir Árni Páll.

Meðal þeirra vandamála sem staðið er frammi fyrir er að atvinnulausa fólk sé ungu lítur ekki á skólavist sem valkost í stöðu sinni. „Þau líta ekki til baka á veru sína í skóla að það sé einhver lausn, heldur sé það bara meira kvalræði. Þetta er því krefjandi víðfangsefni að binda betur saman menntakerfið og atvinnuleysisstryggingakerfið en gert hefur verið hingað til,“ segir Árni.

- óka

## HETJUDÁÐIR HINNA SNAUÐU



„Heillandi bók.“

Kolbeinn Óttarsson Proppé, Fréttablaðinu




„Lætur vart nokkurn, sem hana les, ósnortinn.“

Ólafur Arnason, Pressan.is

VERÖLD

Bræðraborgarstig 9

Tilboð  
í dag!



10 kr. endurgreiðsla á lítrann\* hjá Shell og Orkunni  
af öllu eldsneyti fyrir e-korthafa í dag!



\*Endurgreiðslan er 5,3% m.v. 188,7 kr. eldsneytisverð á 95 oktana bensíni í sjálfsafgreiðslu hjá Shell og 5,4% m.v. 185,5 kr. eldsneytisverð á 95 oktana bensíni hjá Orkunni mánudaginn 16. nóvember. Sú endurgreiðsla jafngildir 10 kr. á lítrann.

 KORTIN  
ekortin.is

## VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvað heitir nýr stjórnmálaflokkur Jóns Gnarrs?
- 2 Hvaða dagur var haldinn hátíðlegur í gær?
- 3 Hvaða lið skipar neðsta sætið í úrvalsdeildinni í handbolta?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30



**HUMMERAR** Bandaríski bílaframleiðandinn segir afkomuna vera loks að batna eftir fimm ára taprekstur.

GM greiðir neyðarlán til baka:

## Ríkið fær þrettán prósent

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur bandaríska bílarisans General Motors stefna á að greiða niður neyðarlán sem stjórnvöld vestra veittu fyrirtækinu til að forða því frá gjaldþroti fyrir á árinu. Endurgreiðslan á ekki að hefjast fyrir en eftir sex ár.

Væntingar eru um betri afkomu bílaframleiðandans nú eftir viðvarandi taprekstur frá 2004, að sögn Bloomberg-fréttastofunnar.

Fyrirtækið stefnir á að greiða einn milljarð dala á hverjum ársfjórðungi næstu ár. Heildarendurgreiðsla mun hljóða upp á 6,7 milljarða af milljóðnum fimmtíu sem ríkið lét General Motors í té. Það jafngildir rúmlega þrettán prósentu endurgreiðslu. - jab

Síldveiðar í október:

## 23.000 tonn veidd af norsk-íslenskri síld

**SÍLD** Íslensk skip veiddu 11.127 tonn af norsk-íslenskri síld í norskrri lögsögu í októbermánuði. Auk þess veiddu þau 12.035 tonn í síldarsmugunni.

Fyrsta aflanum úr norsk-íslenska síldarstofninum í norskrri lögsögu var landað 13. október og hófust veiðar tæpum mánuði síðar í ár en í fyrra.

Íslensk skip hafa 44.362 tonna síldarkvóta úr norskrri lögsögu þetta árið, sem er um 8 prósentu aukning frá síðasta ári.

## UMFERÐARMÁL

### Svipuð umferð og í fyrra

Umferð um Hvalfjarðargöngin var nánast sú sama í október í ár og í sama mánuði í fyrra. Í ár voru þeir 143.643, en í fyrra keyrðu 80 færri bílar um göngin í október. Stórum bílum hefur fækkað nokkuð og tekjur af göngunum eru þremur prósentum minni í október í ár en í fyrra.

## ÍTALÍA

### Réttarhöld yfir Berlusconi

Réttarhöld yfir Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hófust í gær á ný eftir árshlé, en þeim var samstundis frestað á ný fram í janúar, því Berlusconi verður of upptekinn fram í janúar til að geta mætt.

Sýslumaður segir hótanir í garð vitna litnar mjög alvarlegum augum:

## Haft í hótunum við vitni

**LÖGREGLUMÁL** „Það er mjög alvarlegt ef það gerist að menn ætla að beita ógnunum og hótunum gagnvart vitnum í málum,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi.

Karlmaður var handtekinn í Þorlákshöfn á fimmtudag en þar hafði hann í hótunum um að vinna manni mein sem hafði borið vitni gegn honum í dómsmáli daginn áður. Ólafur Helgi segir að það valdi sér ákveðnum áhyggjum að menn hóti ofbeldi í slíkum tilfellum.

Ólafur Helgi segir að eina úrræðið sem sé fyrir hendi í tilfelli sem þessu sé nálgunarbann. Til þessa úrræðis hafi verið gripið sam-

stundis og málið kom upp. Maðurinn megi því ekki nálgast vitnið eða fjölskyldu hans. Rjúfi maðurinn nálgunarbannið liggja sérstök refsing við því.

Aðspurður segir Ólafur að lögreglan sé ekki nægjanlega vel mönnuð til þess að vakta heimili vitnins komi til þess að brotamaðurinn rjúfi nálgunarbannið. „Til þess þyrftum við miklu meiri mannskap en við höfum,“ segir Ólafur Helgi. „Það er í sjálfu sér ekki hægt að segja fyrirfram hvað gerist en það er náttúrulega ljóst að ef maðurinn brýtur þetta nálgunarbann verður það lítið mjög alvarlegum augum,“ segir Ólafur Helgi. - jhh



**ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON** Sýslumaður segir það verða lítið mjög alvarlegum augum brjótí maðurinn nálgunarbannið.

Auka hlutfé í Muzicall:

## Vinatónar tald-ir vaxa hratt

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingasjóðurinn Thule Investments og aðrir fjárfestar hafa aukið hlutfé ísrælska tæknifyrirtækisins Muzicall um níu milljónir dala, jafnvirði 1,1 milljarðs króna.

Thule Investments fjárfesti í Muzicall í september í fyrra. Á meðal annarra eigna Thule Investments eru þrívíddarhönnunar fyrirtækið Caoz og hátæknifyrirtækið Cyntellect. Muzicall sérhæfir sig í vinatónum í síma. Vinatónn er tónn sem heyrir á meðan beðið er eftir að svarað sé í síma. Fyrirtækið hefur um nokkurra ára skeið unnið með mörgum af stærstu símafyrirtækjum í Evrópu. - jab

# Meirihlutinn sagður sýna skólunum vanvirðingu

Fulltrúi Skólaláttáttaráðs Reykjavíkur segir meirihluta menntaráðs Reykjavíkur sýna skólustarfi vanvirðu með skipan starfshóps. Fulltrúi Samfylkingarinnar segir viðhorf meirihlutans allt of gamaldags.

**MENNTUN** „Mér finnst það fráleitt að taka ekki þá fagmenn sem starfa við þetta dags daglega í skólunum með í umræðuna. Það má segja að þetta sé ákveðin vanvirða við það starf sem fram fer í skólunum,“ segir Hreiðar Sigtryggsson, formaður Skólaláttáttaráðs Reykjavíkur.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær var tillögu Hreiðars, sem er áheyrnarfulltrúi í menntaráði, um að skólaláttáttaráð og kennarar ættu hverjir sinn fulltrúann í starfshópi um námsmat í grunnskólum, vísar frá af fulltrúum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks sem mynda meirihluta í ráðinu.

Hreiðar segir sjálfsagt að skoða hvernig námsmati er háttað í skólum, en skipan hópsins gefi til kynna að niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram. Til að mynda vanti

fulltrúa menntasviðs í hópinum, en þar séu sérfræðingar í námsmati. „Það kemur mér mjög spánkt fyrir sjónir að skipa þrjá pólitíska fulltrúa í hópinum, sama hvaða bakgrunn þeir hafa.“

Oddný Sturludóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í menntaráði, tekur undir þessi orð Hreiðars. Það sé fáheyrð vanvirðing við skólaláttáttaráð og kennara á unglingsstigi að fella tillögu frá þeim sjálfum um að koma að endurskoðun námsmats í grunnskólum.



**SAMRÆMD PRÓF** Nemendur í Réttarhóttáttaráði þreyta samræmd próf. Fulltrúi skólaláttáttaráðs segir skólustarfi sýnd vanvirðu með því að skipa aðeins stjórnmálamenn í starfshópi um námsmat í grunnskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

„Skilaboðin frá meirihlutunum eru skýr: Grunnskólinn hefur það eina hlutverk að búa til nemendur fyrir framhaldsskólann og aðstoða framhaldsskólann til að velja nemendur eftir einkunum. Að mati meiri hlutans kemur námsmat í tíunda bekk kennum þeirra sömu nemenda ekki við.“

Oddný segir viðhorf Kjartans Magnússonar, formanns ráðs-

ins, gamaldags, en hann lýsti því yfir í Fréttablaðinu í gær að hann vildi taka upp samræmd próf upp úr grunnskólum á ný. Prófin hafi verið stýrandi og staðið í vegi fyrir fjölbreyttum kennsluháttum á unglingsstigi.

Hreiðar segir borgina hafa markað sér stefnu um nám við hæfi hvers og eins í grunnskólum. Það þýði að staða nemenda við lok grunnskóla

se mjög mismunandi og framhaldsskólunum beri að koma til móts við þá við innritun.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra mun á næstunni funda með skólaláttáttaráð grunnskólanna og framhaldsskólanna um skilin á milli skólaláttáttaráðs. Starfshópur er í gangi í ráðuneytinu um innritunarmál í framhaldsskóla.

kolbeinn@frettabladid.is

Segja vinnuverndarmörk ekki nothæfan mælikvarða á mengun:

## Brennisteinsvetni mælist yfir mörkum

**UMHVERFISMÁL** Hæstu toppar brennisteinsvetnismengunar í Hveragerði fara yfir heilsuverndarviðmið Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), en sólarhringsmeðaltal er töluvert undir þeim viðmiðum. Þetta kemur fram í mælingum Umhverfisstofnunar. Engin viðmið eru til hér á landi um þessa mengun, en þau eru í vinnslu í umhverfisráðuneytinu.

Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá stofnuninni, segir tilgangslaus að horfa til vinnuverndarmarkanna í þessu sjónarmiði, en Orkuveita Reykjavíkur miðar við þau í frétt á heimasíðu sinni sem rataði í fjölmiðla um helgina. „Vinnuverndarmörkin eiga ekk-

ert erindi í þessa umræðu,“ segir Þorsteinn.

Ástæðan sé sú að vinnuverndarmörk verndi ekki heilsu þeirra sem eru viðkvæmir fyrir og gilda aðeins á vinnustöðum. Þau miði jafnvel við að grípa þurfi til ryk- og gasgríma og séu oft 100 sinnum hærri en þau sem gildi fyrir almennung.

Þorsteinn segir brennisteinsvetnismengun í Reykjavík hafa aukist með tilkomu virkjana Orkuveitunnar á Hellisheiði. Fólk, sérstaklega í austurborginni, geti fundið fyrir ógleði og höfuðverkjum vegna hennar, sérstaklega í froststillum. Mælingar í Hveragerði eru nýhafnar og því ekki til samanburðartölur yfir vetrartímamann. - kóp



**GUFA** í nýjum virkjunum Orkuveitunnar verður mengunarbúnaður sem minnkar útstreymi brennisteinsvetnis um 90 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Upplýsingar og skráning:  
**544 4500 / [www.ntv.is](http://www.ntv.is)**

# Starfsnám styrkir stöðu þína!

## Yfirlit námsbrauta á vorönn 2010

### Sölu-, markaðs og rekstrarnám 432 stundir (2 annir)

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja hvort annað þ.e. Sölu- og markaðsnámi og Frumkvöðla og rekstrarnámi. Frábært nám fyrir alla sem starfa eða vilja starfa við sölumennsku og þá sem eru með eða stefna að því að fara út í eigin rekstur.

### Skrifstofu- og rekstrarnám 426 stundir (2 annir)

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja vel hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunámi og Bókaránám framhald.

### Grafísk hönnun 156 stundir

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutæknina við gerð auglýsinga, kynningarefnis og bæklinga. Kennir er á þau forrit sem aðallega eru notuð við gerð kynningarefnis á stafrænu formi. Markmiðið er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir prentun eða Internetið.

### Alvöru vefsíðugerð 210 stundir

Með gagnagrunnstengdum vefjum er hægt að minnka alla umsýslu sem og sjálfvirknivæða viðhald og birtingar á gögnum eftir fyrirfram skilgreindum forsendum.

Þegar nemandinn hefur lokið þessu námskeiði á hann að hafa haldgóðan skilning á vefsíðugerð bæði hvað varðar hefðbundnar vefsíður og síðan gagnagrunnstengdar vefsíður. Nemendur hafi vald á meðferð myndefnis fyrir vefinn og framsetningu þess, hafi skilning á virkni hefðbundinna vefsíðna og læri til þess HTML kóðun.

### Skrifstofu- og tölvunám 258 stundir

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Alþjóðlegt prófskírteini (ECDL) í tölvufögnum.

### Sölu- og markaðsnám 264 stundir

Þetta er líflégt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

### Frumkvöðla- og rekstrarnám 168 stundir

Námið er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað, bæði fyrir þá sem vilja styrkja eða stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana og hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda. Í náminu er mikilli athygli beint að mikilvægi þess að gera raunhæfar áætlanir og hvernig hægt er að styrkja þær með mismunandi rannsóknum og greiningu á markaðnum.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.

### Bókaránám framhald 168 stundir

Frábært námskeið fyrir alla sem hafa almenna þekkingu á bókhaldi.

Að námi loknu eiga nemendur að vera færir að sjá um viðskiptamannakerfi, launakerfi og vera færir um að framkvæma einföld uppgjör á bókhaldi ásamt öllum þeim afstemmingum og lokafærslum sem þarf fyrir skil til endurskoðanda.

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

OPIN KERFI

Microsoft  
CERTIFIED  
Learning Solutions  
Partner

PEARSON  
VUE  
COURSEWARE

ECDL

PROMETRIC



INNRIÐUN FYRIR VORÖNN STENDUR YFIR



**SKRAUTLEGUR HATTUR** Þessi maður mætti með heldur óvenjulegan höfuðbúnað til þess að fylgjast með alþjóðlegu maraþonhlaupi kvenna í Yokohama í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sagnfræðingafélagið:

## Áhrif kreppu á velferðarríkið

**MENNING** Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, heldur í dag fyrirlestur í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON**

Yfirskrift fyrirlestur Guðmundar ber titilinn Velferðarríkið og efnahagskreppur á Íslandi.

Guðmundur byggir velta afleiðingum efnahagslegs óstöðugleika á velferðarríkið fyrir sér og svara þeirri spurningu hvort óstöðugleikinn hafi verið svo mikill að hann hafi hindrað að hér hafi jafnvíðtækt velferðarkerfi og á öðrum Norðurlöndum fest sig í sessi. - kóp

# Ætla að efla aðstoð við landbúnað í þróunarríkjum

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna segir óþolandi að meira en milljarður manna búi við hungur. Í staðinn fyrir að senda fátækum mat þurfi að aðstoða bændur fátækra ríkja við matvælaframleiðslu.

**ÍTALÍA, AP** „Í heiminum er meira en nóg til af mat,“ segir Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. „Samt þarf meira en milljarður manna að líða hungur. Þetta er óþolandi.“

Þetta sagði hann við upphæf alþjóðlegu matvælaráðstefnunnar, sem hófst í Róm í gær á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO.

Fulltrúar ríkja heims samþykktu samhljóða að auka fjárhagsaðstoð við landbúnað í þróunarheiminum. Ekki gátu þeir þó komið sér saman um að viðbótarfjárhæðin nemi 44 milljörðum Bandaríkjadala á ári.

Matvæla- og landbúnaðarstofnunin hafði sagt þessa upphæð nauðsynlega næstu áratuginna, eigi að takast að gera þann milljarð manna, sem býr við hungur, sjálfum sér nógan um fæðu.

Stofnunin hafði einnig gert sér vonir um að ríki heims myndu setja sér það markmið, að hungri verði útrýmt úr heiminum fyrir árið 2025. Þess í stað héldu fulltrúar ráðstefnunnar sér við gamla markmiðið, sem sett var árið 2009, að fækka um helming fyrir árið 2015 þeim sem búa við hungur.

Matvælaaðstoð hefur til þessa einkum falist í því, að auðugu ríki hafa sent matvæli til fátækra ríkja, frekar en að senda þang- að tækjabúnað, áburð og fræða útvega þeim aðstoð við áveitugerð og tæknikunnáttu, sem gæti



**HRÍSGRJÓNARÆKT Í BÚRMA** Á alþjóðlegu matvælaráðstefnunni í Róm samþykktu ríki heims að auka landbúnaðaraðstoð verulega. NORDICPHOTOS/AFP

„Í heiminum er meira en nóg til af mat.“

**BAN KI-MOON**  
FRAMKVÆMDASTJÓRI  
SAMEINU ÞJÓÐANNA

komið bændum og veiðimönnum að gagni.

Matvælin hafa svo að stórum hluta verið keypt af bændum í

auðugu ríkjum, þannig að þeir hafa hagnast á aðstoðinni.

Matvælastofnunin segir að þetta verði að breytast.

„Verkefni okkar er ekki bara að útvega þeim sem hungur fæðu, heldur gera þeim kleift að afla sér fæðu sjálfir,“ sagði Ban.

Matvælastofnunin segir að alþjóðasamfélagið hafi árum saman vanrækt landbúnaðarmál. „Stöðug fjárfesting í landbúnaði, sérstaklega landbúnaði

smábænda, er lykillinn að matvælaöryggi,“ segir stofnunin í yfirlýsingu sinni.

Vonast er til að þessi ráðstefna verði til þess að sú breyting, sem boðuð var á G8-fundinum í L'Aquila á Ítalíu í sumar, nái fyrr fram að ganga. Þar héttu leiðtogar átta helstu iðnríkja heims því að verja 20 milljörðum Bandaríkjadala næstu þrjú árin í aðstoð við fátæka bændur.

[gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)



Hengjum okkur ekki í smáatriði!

Vinátta - alveg óháð kerfi.

Miðfellsjörð við Þingvallavatn:  
Fái 32 milljónir fyrir vegstæðið

**SAMGÖNGUR** Eigendur jarðarinnar Miðfells við Þingvallavatn eiga að fá 32 milljónir króna vegna eignarnáms á samtals 13,45 hekturum lands undir vegstæði nýs Lyngdalsheiðarvegar. Eigendur Miðfells, sem eru hátt í fimmtíu talsins, kröfðust samtals 378 milljóna króna í bætur. Meðal annars var deilt um það hversu verðmætt hið óbyggða land væri sem sumarbústaðalóðir og landeigendurnir töldu að bæta ætti fyrir stærra landsvæði en Vegaerðin ætlaði að taka eignarnámi. Mikið bar í milli því Vegaerðin fyrir sitt leyti vildi aðeins greiða tæplega 6,8 milljónir í bætur. - gar

Persónuvernd úrskurðar ekki um kortavefsjá í Kópavogi úr því henni var lokað:

# Leysa einungis úr ágreiningsmálum

**SVEITARSTJÓRNIR** Persónuvernd hefur hafnað því að úrskurða um lögmæti kortavefsjár sem opin var á vefsíðu Kópavogsbæjar. Ástæðan er sú að vefsíðan var lokað eftir að íbúi í bænum kærði hana til Persónuverndar.

„Forsenda þess að Persónuvernd taki málið til efnislegrar afgreiðslu er að fyrir liggja ágreiningur. Þar sem ekki fæst séð að ágreiningur sé lengur til staðar mun Persónuvernd ekki aðhafast frekar í málinu nema frá yður berist sérsök, rökstudd beiðni þar að lútandi,“ segir í svari Persónuverndar til íbúans sem kærði vefsíðana.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu

Bæjarráð Kópavogs bregst við kvörtun íbúa og lokar kortavefsjá á vefsetri:

## Vefsjá talin stríða gegn lögum

**PERSÓNUPERND** „Enginn vafi er á því að hægt er að nota þessar upplýsingar í vafasömum tilgangi og engin ástæða til þess að þær séu aðgengilegar öllum,“ segir í umsögn Þórðar Clausen Þórðarsonar, bæjarlögmanns í Kópavogi, vegna kvörtunar um kortavefsjá á heimasíðu bæjarins.

Að því er fram kemur í umsögn Þórðar kvartaði íbúi í Kópavogi til Persónuverndar undan kortavefsjá á vefsetri bæjarins. Þar væri meðal annars hægt að nálgast teikningar af einkaheimilum manna, upplýsingar um fjölda íbúa í hverju húsi og aldur þeirra.

„Að þessar upplýsingar séu aðgengilegar öllum, geti

**FRÉTTABLAÐIÐ** í lok október sagði Fréttablaðið frá kortavefsjá í Kópavogi sem talin var getað auðveldað innbrotspjófum verk þeirra.

30. október síðastliðinn taldi kærandinn meðal annars að teikningar af húbýlum manna á vefsíðunni



gætu auðveldað innbrotspjófum iðju sína. Í bréfi til Persónuverndar tók Þórður Clausen Þórðarson

bæjarlögmaður undir sjónarmið íbúans. „Enginn vafi er á því að hægt er að nota þessar upplýsingar í vafasömum tilgangi og engin ástæða til þess að þær séu aðgengilegar öllum,“ sagði bæjarlögmaður sem kvaðst enn fremur telja vafa leika á að vefsíðan stæðist lög.

„Þetta bréf svarar ekki spurningum okkar um birtingu upplýsinganna, en við lokuðum fyrir aðgang að vefnum þangað til afstaða Persónuverndar lægi fyrir. Við munum að sjálfsgöðu ræða við Persónuvernd um málið og svo að líkindum opna fyrir vefinn aftur í einhverri mynd,“ segir Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi hjá Kópavogsbæ. - gar

Málþing í Ketilshúsinu:  
Málþing um mansal eftir leiksyningu

**MÁLÞING** Leikfélag Akureyrar stendur fyrir málþingi um mansal í Ketilshúsinu á Akureyri í dag. Málþingið fer fram að lokinni sýningu á leikritinu Lilju. Leikritið byggir á sannsögulegu kvikmyndinni Lilja 4-ever og segir frá örlögum sextán ára stúlku frá Litháen sem seld var mansali í kynlífsiðnaði til Svíþjóðar.

Á málþinginu sem hlotið hefur yfirskriftina, mansal á Íslandi – viðbrögð, taka meðal annars til máls Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra og Guðrún Jónsdóttir, forstöðukona Stígamóta, sem einnig á sæti í nýstofnuðum viðbragðshópi gegn mansali á vegum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Dagskráin hefst kl. 15. - sbt

Barack Obama ræddi við Hu Jintao, forseta Kína, á fjórða degi Asíuferðar sinnar:

# Sagði frelsið vera styrk Bandaríkjanna

**KÍNA, AP** „Við reynum ekki að troða neinu stjórnskipulagi upp á nokkra þjóð,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti við háskólanema í Shanghai. Hann er nú staddur í Kína, og hefur lagt á það áherslu í ferðinni að Bandaríkjamenn hafi engan áhuga á að hefja vöxt Kína með nokkrum hætti.

Í ræðu sinni í Shanghai lagði hann hins vegar áherslu á mikilvægi tjáningarfrelsis og annarra mannréttinda, en tók jafnframt fram að þetta væru ekki sérbandarískar reglur heldur almenn réttindi.

„Ég átta mig á því að ólík lönd hafa ólíkar hefðir,“ sagði hann, en bætti því við að í Bandaríkjunum sé litið á tjáningarfrelsið og óheftan Internetaðgang sem styrk en ekki veikleika.

Obama hélt síðan til Peking þar sem Xi Jinping varaforseti tók á móti honum. Síðan hitti hann Hu Jintao forseta. Þeir snæddu saman kvöldverð í gær og ætla að hittast aftur í dag.

Á fundi þeirra voru viðskipti, efnahagsmál og loftslagsmál aðal- umræðuefnið. Obama sagði meðal annars að nú, þegar vegur Kína fer vaxandi í heiminum, deili landið „byrði leiðtogahlutverksins“ með Bandaríkjunum.

„Ég skal segja ykkur það, að önnur lönd í heiminum munu bíða eftir okkur,“ sagði hann.

- gb

**BARACK OBAMA** Ávarpaði háskólanema í Shanghai í Kína í gær. Forsetinn er nú á ferðalagi um Asíu

FRÉTTABLAÐIÐ/AP





## Sex vinir alveg óháð kerfi

Bestu vinir þínir eru bestu vinir þínir og Síminn elskar alla jafnt. Í Sex vinir óháð kerfi hjá Símanum velurðu þér sex vini hjá hvaða farsímafyrtæki sem er og sendir þeim SMS eða hringir í þá fyrir núll krónur.\*

Skráðu þína sex vini á [siminn.is](http://siminn.is), í næstu verslun Símans eða í síma 800 7000.

800 7000 • [siminn.is](http://siminn.is)

 Sími
  Internet
  Sjónvarp



Það er Síminn

\* Mánaðarverð 1.990 kr. og upphafsgjald 5,90 kr. Þú hringir og sendir SMS á vini þína fyrir 0 kr., 1.000 mín. / 500 SMS á mánuði.



**SKARTBÚIN KANÍNA** Í Japan tóku einhverjir gárungar upp á því að klæða kanínur í skrautlegan fatnað og efna til tískusýningar. NORDICPHOTOS/AFP

## Geislun frá farsíma-, sjónvarps- og útvarpsendum vel undir mörkum: Farsímar valda meiri geislun en möstur

**FJARSKIPTI** Farsímar valda mun meiri geislun á almenning en farsíamöstur að því er fram kemur í sameiginlegri yfirlýsingu norrænu geislavarnarstofnananna. Bent er á að ef farmsíamöstrum yrði fækkað þyrftu símar að senda út af auknu afli til að viðhalda tengingu, með hugsanlegri aukningu geislunar á notendum þeirra í kjölfarið. Fram kemur að á Norðurlöndum er geislun á almenning frá farsímasendum, sjónvarps- og útvarpsendum og vegna þráðlauss búnaðar vel undir ráðlögðum alþjóðlegum mörkum. Ekki sé því nauðsynlegt að svo stöðdu að beita

sér sameiginlega til að draga frekar úr geislun frá þessumendum. Þó verði að hafa í huga að tækibúnaður sem sendir frá sér þessa geislun hafi verið notaður skemur en í tvo áratugi. Þess vegna sé nauðsynlegt að halda áfram rannsóknum á hugsanlegum heilsufarsáhrifum geislunar frá fjarskiptasendum og stöðugt endurmat þurfi að fara fram á vísindaniðurstöðum á þessu sviði. - sbt

**FARSÍMAMASTUR** Farsímar valda mun meiri geislun en möstur benda norrænu geislavarnarstofnanirnar á. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



## Hafrannsóknastofnunin: Hörpudiskur enn í lágmarki

**SJÁVARÚTVEGUR** Hörpudisksstofnunin í Breiðafirði er enn í lágmarki, miðað við útkomu árlegrar mælingar Hafrannsóknastofnunar. Mælingarnar voru gerðar á Dröfn RE dagana seint í október.

Meginniðurstaða leiðangursins er sú að heildarvísitala hörpudisks mælist í lágmarki eins og undanfarin ár. Hún er nú aðeins 14 prósent af meðaltali árunum 1993 til 2000. Stofninn hrundi á árunum 2000 til 2005, en hefur síðan haldist í nokkru jafnvægi, 13 til 16 prósent af meðlastærð fyrrgreinds tímabils. - kóp

## Íslensk málnefnd: Viðurkenningar fyrir skólastarf

**SKÓLAMÁL** Samtök móðurmálkennara og Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hlutu viðurkenningar íslenskrar málnefndar á málrættarþingi sem haldið var á laugardaginn í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

Málrættarþingið var að þessu sinni helgað skólakerfinu og sömuleiðis var ályktun íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu helguð skólastarfi í landinu.

Samtök móðurmálkennara fengu viðurkenninguna fyrir uppbyggingarstarf sitt og útgáfu fagtímaritsins Skímu, en skólaskrifstofa Hafnarfjarðar fékk viðurkenninguna fyrir að vera fyrsta sveitarfélagið sem innleiddi íslenska þýðingu á Office-pakkanum frá Microsoft í alla grunnskóla. - gb

### SKÁK

#### Kramnik lenti í fyrsta sæti

Vladímír Kramnik varð efstur á minningarmóttinu um Mikhaíl Tal sem lauk um helgina í Moskvu. Hann náði jafntefli í síðustu umferð á móti Vassílí Ivantsjúk sem með sigri hefði orðið efstur. Hinn átján ára gamli Norðmaður Magnus Carlsen vann síðustu tvær skákir sínar og varð jafn ívantsjúk í öðru sæti.

## ATHAFNAVIKA: Iðnaðarráðherra setti Alþjóðlega athafnaviku í Norræna húsinu

Lífræn náttúrusmyrslí framleidd úr jurtum:

## Læknar kvilla mannfólksins

„Ég hef verið mjög upptekin en spái í að hafa opið hús á laugardag,“ segir Aðalbjörg Þorsteinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Villimey á Tálknafirði. Aðalbjörg er jafnframt einn af fjölmörgum talsmönnum Alþjóðlegu athafnavikunnar.

Hún hefur frá 1990 safnað jurtum sem vaxa við Tálknafjörð og Arnarfjörð og notað þær í lækningaskyni við ýmsum kvillum mannfólksins.

Mággona Aðalbjargar hvatti hana til að gera eitthvað úr þessum kraftmiklu kremum og leyfa öðrum að njóta. Í dag eru fastir starfsmenn yfirleitt þrjú eða fjórir og hefur Aðalbjörg nóg fyrir stafni, að eigin sögn.

Villimey þrjár og framleiðir náttúrusmyrslí úr jurtum af sunnanverðum Vestfjörðum og eru þau með alþjóðlegu lífræna vottun. Engin kemisk efni eru í smyrslunum.

„Ég er á æðislegum stað. Náttúruvísindastofnun hefur rannsakað loftmengun á Íslandi og var útkoman að Vestfirðir voru með



**ADALBJÖRG OG SMYRSLIN** Stofnandi Villimeyjar segir gott að gera úr frá Vestfjörðum en hið opinbera megj gera fyrirtækjarekstur utan höfuðborgarsvæðisins auðveldari. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

hreinasta loftið,“ segir Aðalbjörg en bætir við að hið opinbera mætti gera fyrirtækjum á landsbyggðinni auðveldara fyrir hvað varðar flutningsgjöldin. „Þau eru alltof há og gera fyrirtækjum á landsbyggðinni erfitt fyrir.“ - job



**RÁÐHERRANN Á ATHAFNAVIKUNNI** Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovít, afhenti Katrínu Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fyrstu Athafnateygjuna. Sá sem teygjuna ber verður að inna eitthvað verk af hendi og skrá það niður áður en teygjan er látin ganga til næsta manns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vill innlenda orkugjafa

Iðnaðarráðherra tók við Athafnateygju númer eitt við setningu Alþjóðlegu athafnavikunnar í gær. Hún ætlar að rekja smiðshögg á áætlun sem leiðir til þess að bílar hér noti innlent eldsneyti.

„Með athafnateygjunninni ætla ég að reka smiðshöggjöð á áætlun um orkuskipti, að í stað innflutts eldsneytis verði notuð innlend framleiðsla á bílafloftann,“ segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra. Hún setti Alþjóðlegu athafnavikuna í Norræna húsinu í gær og tók á sama tíma við fyrstu Athafnateygjunninni svokölluðu.

Athafnateygjurnar eru 172 talsins og hafa fyrstu handhafar þeirra nú þegar fengið þær afhentar. Í þeim hópi eru bæjarstjórnar landsins, stjórnvaldamenn, athafna- og fjölmiðlafólk. Þeir sem teygjuna fá þurfa að koma stórum sem smáum verkefnum í framkvæmd og láta teygjuna síðan ganga áfram til annarra. Tilgangurinn með Athafnateygjunninni er að mæla hversu miklu þjóðin kemur í framkvæmd á einni viku.

Katrín segir áætlun um orkuskipti umfangsmikið verkefni. Horfa verði til margra þátta, svo sem á sviði nýsköpunar og framleiðslu innlendra orkugjafa. Þá verði að huga að aðgengi þeirra og skipuleggja skattkerfið í kringum það. Hún segist vonast til að úr málinu ræstist innan tíðar.

Að smiðhögginu loknu ætlar ráðherra að afhenda Þorsteini Inga Sigfússyni, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar, teygjuna og fellur það í hans hlut að koma verkum sínum í framkvæmd. „Það er eiginlega aðeins til að hvetja þau hjá Nýsköpunarmiðstöð áfram til góðra verka. Þau hafa lyft þvilíku grettistaki,“ segir Katrín og bætir við að kraftaverk hafi átt sér stað í íslenskum hátækni- og sprotageira. Bæði séu þar að verða til á fimmta hundrað störf auk þess að stefni í að velta í leikjafjöðnaði einum verði tíu milljarðar króna í

### ALPJÓÐLEG ATHAFNAVIKA

103 lönd í sex heimsálfum taka þátt í Alþjóðlegu athafnavikunni sem hófst í gær. Markmið athafnavikunnar er að hvetja fólk til að tileinka sér nýsköpun, athafnasemi og frumkvöðlahugsun. Hér á landi verða 114 viðburðir um land allt.

Tilgangur Alþjóðlegu athafnavikunnar er að virkja alla þjóðina til jákvæðra verka og vekja athygli á mikilvægi athafnasemi fyrir samfélagið í heild sinni. Þá er horft til þess að snúa við umræðunni um atvinnulíf og gefa Íslendingum tilefni til að horfa björtum augum fram á veginn.

Í fyrra tóku rúmlega þrjár milljónir manna um allan heim þátt í 25 þúsund viðburðum. Yfir milljarðir manna frétti af vikunni í gegnum fjölmiðla.

Innovít, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur, er umsjónaraðili Alþjóðlegrar athafnaviku á Íslandi.

ár. „Þetta er stórkostlegur árangur,“ segir hún.

Katrín bindur miklar vonir við nýtt stjórnarfrumvarp sem felur í sér endurgreiðslu fyrirtækja vegna rannsóknar- og þróunarvinnu auk frumvarps um fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum. Gangi það í gegn mun Rannís votta fyrirtækin sem mögulegt verður að fjárfesta í. „Ég held að flest þeirra muni uppfylla skilyrðin,“ segir Katrín og bætir við að gangi frumvarpið í gegnum Alþingi sé það skref fram á við og sambærilegt við umhverfi sprotafyrirtækja í öðrum löndum.

**Ég veit hvað fólk þú vill!**

**Alhliða uppskrift**  
Pulsa (hituð í vatni,  
EKKI SOÐIN!!!) Pulsu-  
brauð og bara hvað sem þig langar að hafa með.  
(Nema grænir brennir.  
Grænir brennir í pulsu-  
brauði geta valdið  
öndunarerfiðleikum.)

**La Lú Pulsu**

Íslendingar borða **SS pylsur**

# ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT

## Finlux 42FLHD850H

- 42" LCD BREIÐTJALD
- 1920x1080 punkta upplausn
- FullPIX2 HD örgjörvi
- 3D Comb filter
- 100.000:1 skerpu
- 5ms svartíma
- DVB-T móttakara
- PIP (mynd í mynd)
- PAP (mynd og mynd)
- 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ**

**199.995**

FULLT VERÐ 219.995



PIP/PAP  
ACTIVE  
VISION  
2 HDMI



## Toshiba 32AV603PG

32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p punkta upplausn, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, Digital Noise Reduction, 10w RMS Nicam Stereó Bass Boost, 2x HDMI, 2x Scart, Component, Composite & Audio, PC (VGA) ofl.

ACTIVE  
VISION  
PIP/PAP

**TILBOÐ**

**109.995**

FULLT VERÐ 139.995



## Philips 42PFL5624H

42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, BBE hljóðkerfi, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatölstengi ofl.



Full HD  
1080p  
DVB-T  
3 HDMI  
SKERPA  
50.000:1

**TILBOÐ**

**239.995**

FULLT VERÐ 249.995



## Philips 47PFL5604H

47" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI & RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatölstengi ofl.



Full HD  
1080p  
DVB-T  
3 HDMI  
SKERPA  
50.000:1

**TILBOÐ**

**299.995**

FULLT VERÐ 399.995



## Panasonic TXP46GA11

46" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi, CI rauf ofl.



600Hz  
Full HD  
1080p  
Vreal PRO 4  
VIERA  
LINK  
V-AUDIO  
SURROUND  
SKERPA  
2.000.000:1

**TILBOÐ**

**349.995**

FULLT VERÐ 449.995

REYKJAVÍK

SUDURLANDSBRAUT 26  
SÍMI 569 1500

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 36  
460 3380

HÚSAVÍK

GARÐARSBRAUT 18A  
464 1600

SELFOSS

EYRARVEGI 21  
480 3700



Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

## „ORÐRÉTT“

## Þægileg hreinskilni

„Þetta verkefni Reykjavíkurborgar er mjög gott fyrir okkur sem vinnum að þessu.“

GUÐMUNDUR K. ÓLAFSSON SMÍÐUR, SEM ENDURGERIR MENNINGARVERÐMÆTI Í FYRSTA KAFFIHÚSI REYKJAVÍKUR.

Fréttablaðið, 16. nóvember

## Með allt á hreinu

„Ég hef ekki hugmynd um það.“

ALFHEIBUR INGADÓTTIR, NÝKJÖRINN FORMAÐUR ÞINGVALLANEFNDAR, UM STÆRDARTAKMARKANIR Á SUMARHÚSNUM Í ÞJÓÐGARÐINUM.

DV, 16. nóvember

# tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ERLING ÓLAFSSON SKORDÝRFRÆÐINGUR

## Skrifar um skordýr í Þjórsárverum



„Ég er að sýsla við að skrifa skýrslu um vistgerðir á hálendinu sem tengist rammaáætlun um virkjanir á hálendinu, einkum Þjórsárverasvæðið,“ segir Erling Ólafsson skordýrfræðingur. „Við erum nokkur hópur hjá Náttúrufræðistofnun sem er að vinna að gerð nokkurra skýrslna sem við erum að klára og eiga að vera tilbúnar fyrir jóla. Meginþinginn hjá manni akkúrat núna er á því, bæði á vinnutíma og huganum utan

vinnutíma,“ segir hann. Allt vistkerfið sé undir við vinnuna. „Það eru þarna fuglafræðingar, ég í pöddunum, tæknið, kortagerðarfolk og fleiri.“

Og verða skýrslurnar tilbúnar á réttum tíma? „Okkur miðar vel. Þetta hefur verið löng og strembin fæðing en það hyltir undir börnin – eða það má segja að sum börnin séu þegar farin að fæðast og sum séu í sigtínu. En svo er það auðvitað þannig með þessi „deddlæn“ að þau hnika til. Það er eðli „deddlæna“,“ segir Erling. „En þegar það er búið þá gefst tími geitunga og fíðrilda og annars svolæis.“

„Svo er ég líka aðeins að stelast í að skrifa pöddupistla á vef Náttúrufræðistofnunar. Það er mjög vinsælt efni hjá okkur og ég stelst stundum í það á kvöldin. Ég er að nálgast hundraðasta pistilinn,“ segir skordýrfræðingurinn Erling.

## ÞJÓÐFUNDUR

## VÉR MÓTMÆLUM ALLIR

■ Þjóðfundurinn var haldinn í Lærða skólanum í Reykjavík, nú MR, árið 1851, í stað reglulegs fundar Alþingis. Trampe greiði lagði fram frumvarp þess efnis að Ísland yrði algerlega innlimað í Danmörku, yrði amt og fengi sex fulltrúa á danska þinginu. Konungkjörnir fulltrúar mótmæltu þessu ekki, en hinir þjóðkjörnu gerðu það hins vegar. Þar fór fremstur í flokki Jón Sigurðsson. Samkvæmt fundargerð, sem Benedikt Gröndal ritaði, mótmælti hann þessu ranglæti og risu þjóðkjörnir fulltrúa þá úr sætum og sögðu: „Vér mótmælum allir.“ Áhöld eru um hvort frásögn Benedikts er rétt í smáatriðum.

## TUNGUTAK:

### Munurinn á verslun og kaupum

Nú þegar jólin nálgast með allri sinni verslun og gjafa-kaupum er ekki úr vegi að rifja upp muninn á þessum tveimur sögnum: að versla og að kaupa. Sögnin að kaupa þarfnast raunar ekki frekari skýringa; fólk kaupir sér jólaföt og hamborgarhrygg og greiðir síðan fyrir með peningum – nú eða greiðslukortum.

Ekki virðast hins vegar allir þekkja sögu sagnarinnar að versla. Upprunalega merkti hún nefnilega að eiga viðskipti – að skipta einu fyrir annað – en þetta mætti kannski muna með því að tengja sögnina að versla annarri líkri sögn, að víxla, sem hefur sambærilega merkingu. Sögnin stýrði auk þess þágufalli; menn versluðu einni vöru fyrir aðra. Þegar verslanir urðu algengar í þorpum og bæjum var sögnin fremur notuð um kaupmennina sem buðu vöru til sölu en hina sem keyptu.

Í seinni tíð hefur merkingin breyst og táknar sögnin nú í hugum margra það sama og sögnin að kaupa. Í stað þess að fara og versla – eiga viðskipti – í þar til gerðum verslunarmíðstöðvum, segist fólk nú versla sér vörur og þjónustu. Áður fyrir hefði það hins vegar verið óhugsandi.

## Skógrækt í skjóli eldfjalls

Hekla er oftar en ekki nefnd drottning íslenskra eldfjalla. Nú stendur yfir uppgræðsluverkefni til að endurheimta náttúruleg birkivistkerfi við Heklu, sem ofnýting manna og náttúruöfl eyddu að mestu. Hekluskógar munu dafna á ný, gangi áætlanir eftir.

Hreinn Óskarsson er verkefnisstjóri Hekluskóga. Hann segir hugmyndina að verkefninu hafa komið frá Úlfi Óskarssyni, bróður hans, sem starfaði hjá Landgræðslunni á sínum tíma. Svo hafi samráðsnefnd heimamanna og ýmissa hagsmunaaðila komið verkefninu á koppinn.

„Hér voru miklir skógar fram á síðustu aldir, en margir bærir áttu skógarítök á svæðinu og því gekk á þá. Miklir stormar feyktu síðan berum jarðveginum á haf út, líkt og Matthías Jochumsson skrifaði um. Auðlindin fauk á haf út og eftir stóð auðnin ein.“

Hreinn segir menn hafa séð að eina leiðin til að binda öskuna sem



**DROTTNING ELDFJALLANNA** Hekluskógar ganga út á að endurheimta sjálfbært vistkerfi skóga í nágrenni Heklu. Ágangur á skóganum varð til þess að mikill jarðvegur fauk á haf út.

Hekla dreifir reglulega yfir byggðirnar, hafi verið að endurheimta skóginn; rækta upp sjálfbært vistkerfi á ný. Grös og lágvaxinn gróður kaffærast lendi hann undir ösku.

Verkefnið fer þannig fram að fyrst er landið grætt upp og síðan gróðursett í litla, afmarkaða reiti. Plantað er birki, reynivið og víði. Hreinn segir birkið henta mjög vel því það sái sér fljótt út. Þess megi sjá merki víða um Hekluskógasvæðið sér í lagi í nágrenni gamalla birkiskóga. Haustgróðursetning kláraðist um helgina og þá hefur hálf milljón trjáplanta

verið gróðursett í ár. Í fyrra voru 340 þúsund plöntur gróðursettar, en verkefnið hófst árið 2007. Hekluskógar ná yfir svæði sem er álíka stórt og Langjökull.

Hreinn segir að verkefnið hafi gengið vel, þó hafi menn orðið varir við kreppuna þar eins og annars staðar. „Við fengum 28 milljónir árið 2007, sem var aukin í 50 milljónir árið 2008. Það var síðan skorið niður í 25 milljónir í ár. Þetta er mjög hagkvæmt verkefni, yfirbyggingin er mjög lítil og enginn fastráðinn starfsmaður á launum lengur. Ég sinni starfi verkefnisstjóra ásamt því

að vinna sem skógarvörður hjá Skógrækt ríkisins. Kostnaður við hverja plöntu er aðeins um 50 krónur. Við erum í samstarfi við landeigendur á svæðinu og eru nú um 130 aðilar þátttakendur í verkefninu.“

En mun ekki Heklugos gera út um starfið? „Nei, mestu öskugosin koma í upphafi og standa yfirleitt frekar stutt yfir. Askan berst með ríkjandi vindátt, sem reynslan sýnir að er yfirleitt suðaustan í háloftunum. Það er því ólíklegt að mjög miklar skemmdir verði á gróðri Hekluskóga þó Hekla gjósi.“

kolbeinn@frettabladid.is

## KOMIN Í BÍÓ

★★★★★  
„Afburðavel gerð og kærkomin viðbót í íslenska kvikmyndasögu“  
- H.S., MBL

★★★★★  
„Raunsæ og vel útfærð.“  
- E.E, DV

★★★★★  
„Leikararnir eru ómótstæðilegir.“  
T.V., Kvikmyndir.is

„Á eftir að verða klassísk jólamynd.“  
- Ómar Ragnarsson

„Frábær íslensk bíómynd!“  
- Margrét Hugrún Gústavsdóttir, Ejan.is

TÓMAS LEMARQUIS      LOVISA E. SÍGRÚNARDÓTTIR

# Desember

Tími til að vera saman

SMÁRAA BÍÓ    HÁSHOLA BÍÓ    BORGAR BÍÓ    BÍÓ

Engill í Vesturbænum eftir Kristínu Steinsdóttur hlýtur verðlaun í Eistlandi:

## Best þýdda barnabókin

„Þetta kom skemmtilega á óvart, mér var ekki sagt frá neinu fyrir en á síðustu stundu,“ segir Kristín Steinsdóttir rithöfundur, en bók hennar, Engill í Vesturbænum, var á dögnum valin best þýdda barnabókin í Eistlandi.

Bókin kom út í eistneskri þýðingu Toomas Lapp fyrir nokkrum vikum og var Kristínu boðið út til að kynna bókina. „Ég hélt ég væri bara að fara að troða upp og annað tilheyrandi. Þegar út var komið var ég spurð hvort ég gæti ekki mætti á athöfn þar sem bókin myndi fá þessi verðlaun,“ segir Kristín.

Hún segir að heimamenn hafi tekið henni afar vel, sérstaklega yngri kynslóðin. „Ég mætti í nokkra skóla og talaði við krakkana, sem voru búnir að vinna verkefni upp úr bókinni. Þau tóku mér afskaplega vel og spurðu mig spjörnum úr. Þeir voru sérstaklega forvitnir um Ísland, enda ekki á hverjum degi sem þeir hitta rithöfund frá Íslandi.“

Engill í Vesturbænum hefur nú



**KRISTÍN STEINSDÓTTIR** Engill í Vesturbænum hefur komið út á sjö erlendum tungumálum og verið valin best þýdda barnabókin í Svíþjóð og Eistlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

komið út á sjö erlendum tungumálum og var meðal annars valin best þýdda barnabókin í Svíþjóð fyrir tveimur árum. „Ég get

ekki annað en glaðst yfir þessum góða árangri,“ segir Kristín, sem var ekki fyrir komin aftur til Íslands en hún hélt vestur á Snæfellsnes til kynna nýjustu bók sína, Hetjur, fyrir ungvíðinu þar.

-bs



# SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- kynning á námsbrautum Endurmenntunar  
miðvikudaginn 18. nóvember

## Námsbraut á meistarastigi – kl. 16:15



- Fjölmenningsfræði – málefni innflytjenda  
LÁNSHÆFT NÁM

## Námsbrautir á grunnstigi – kl. 17:00



- Gæðastjórnun
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun
- Rekstar- og viðskiptanám
- Matsfræði
- Framkvæmdarferli mannvirkjagerðar –  
fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

Kennarar, verkefnastjórar og námsráðgjafi verða á staðnum  
til að svara spurningum

**Allir hjartanlega velkomnir**





**ÁRLEG KANÍNUTÍSKUSÝNING** var haldin í Japan um helgina. Þangað mættu átta þúsund kanínuunnendur til að fylgjast með frammistöðu uppáklæddra kanína. Á meðfylgjandi mynd má sjá kanínu í skotabúningi en hún atti meðal annars kappi við mótörhjóla- og englakanínur.



# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Falleg jólavara  
Nýjar vörur  
Stærri búð



Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12-18, Opið á laugard. til jóla frá 12-16  
Dalvegi 16a,  
Rauðu múrsteinshúsunum  
Kóp. 201 - S: 517 7727  
www.nora.is



Nóra



„Ég er í betra formi í dag en fyrir sautján árum,“ segir Auður og þakkar það bættu mataræði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hamborgarar og fransk- ar fengu fyrst að fjúka

**Auður Ingibjörg Konráðsdóttir var illa haldin af ofnæmi og migreni fyrir sautján árum. Stöðug veikindi urðu til þess að Auður endurskoðaði mataræði sitt og upplifði stórkostlegar breytingar í kjölfarið.**

„Það er bara rosaleg vellíðan sem fylgir þessu og í raun ekki hægt að útskýra það neitt nánar nema hafa upplifað hana sjálfur,“ segir heilsukokkurinn Auður Ingibjörg Konráðsdóttir, þegar hún er beðin um að lýsa hver sé helsti ávinningurinn af því að huga vel að mataræðinu.

Auður hefur getið sér góðan orðstír fyrir matreiðslunámskeið í Manni lifandi þar sem hún kennir þátttakendum meðal annars að hrista fram úr erminni einfalda, hagkvæma og gómsæta heilsurétti og -drykki. Námskeiðin byggir Auður á fróðleik sem hún hefur viðað að sér síðustu sautján ár eða allt frá því að hún varð sjálf að endurskoða mataræðið af heilsufarsástæðum.

„Fyrir sautján árum var ég undirlögð af ofnæmi og fékk reglulega slæm migrenisköst,“ rifjar Auður upp. „Ég prófaði ýmislegt til að vinna bug á veikindunum og gerði meðal annars breytingar á mataræðinu, sem ég hafði aldrei spáð sérstakleg í. Það hafði vissar jákvæðar afleiðingar í för með sér þannig að ég ákvað loks að taka það allt í gegn. Hamborgarar og franskar fengu fyrst þó fjúka og svo fiskmeti sem mér þótti miður, en varð að gera það vegna ofnæmisins.“

Í kjölfarið upplifði Auður stórkostlegar breytingar á heilsu sinni. „Líkaminn brást strax vel við og mér fór að líða miklu betur í kjölfarið.“ Hún segir þó ekki alla hafa tekið jafn vel í þessa ákvörðun.

„Ég fékk nú fyrst ekki mikinn hljómgrunn hjá fjölskyldunni enda ekki margir sem spáðu almennt í mataræðið á þessum tíma; þarna var jú franska eldhúsið allsráðandi á Íslandi. En eftir að ég fór að prófa mig áfram í eldamennskunni og leyfði fjölskyldunni að smakka jafnt og þétt vann ég hana smám saman á mitt band. Nú fæ ég ekkert nema stuðning og hrós frá henni.“

Auður segist í dag vilja miðla af reynslu sinni þar sem henni er í mun um að sem flestir upplifi sömu vellíðan. „Og eins og ég hef sjálf komist að þarf þetta ekki að vera neitt stórmál ef rétt er að staðið. Þetta er eins og annað, einfalt ef maður kann það,“ segir hún og brosir.

roald@frettabladid.is

## HEYRN


Bjóðum úrval af döskum ReSound heyrnartækjum

Hjá Heyrn er veitt alhliða þjónusta til að bæta úr heyrnarskerðingu undir faglegru ábyrgð Ellisifjar K. Björnsdóttur, heyrnarfræðings.



Ellisif K. Björnsdóttir  
heyrnarfræðingur

- \* Heyrnarþjónusta
- \* Heyrnarvernd
- \* Heyrnarmælingar
- \* Heyrnartæki
- \* Ráðgjöf



ReSound  
rediscover hearing

Ziga  
ReSound

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - www.heyrn.is

Tímamantanir 534 9600

Jeppadekk - Heilsársdekk - Nagladekk

Mundu eftir að finna **besta verðið** áður en þú kaupir þér dekk

Sýndu fyrirhyggju - ekki lenda í biðröð

**-15%**

**AFSLÁTTUR**

**BÍLKÓ**

ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Þjónustumiðstöð bílsins

**VARAÞURRUR** herjar á marga yfir vetrartímann en hann stafar oft af því að líkamann vantar góða fitu. Gott er að taka inn omegasýrur og leggja þá aðaláherslu á omega-3. Eins er gott að borða hnetur og fræ.



**Matargerð með ástúð og virðingu**  
**Krúska er matstofa og verslun.**  
 Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.  
**Verið velkomin!**  
**KRÚSKA**  
 VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG  
 KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

**Oxyal™ Augndropar**  
 Við þurrki, þreytu og ertingu í augum. Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.  
 Fæst í apótekum

**Hugræn teygjuleikfimi ásamt heilsumeðferð**  
**Tai chí innifalið**  
 Leiddinandi: Ding

- opnar orkuflæði
- slökun
- losar um spennu og kvíða
- dregur úr verkjum
- styrkir líkamann
- jafnvægi fyrir líkama og sál
- o.fl.

**HEILSU DREKINN**  
 Kínversk heilsulind  
 SKEIÐUNNI 3J • SÍMI 553 8282 • WWW.HEILSUDREKINN.IS

## Meinið gæti greinst fyrr

Margt bendir til að skimun með tölvusneiðmyndum geti lækkað dánartíðni fólks með lungnakrabbamein þótt um það sé deilt að sögn Tómasar Guðbjartssonar, prófessors við læknadeild Háskóla Íslands.

„Líkur benda til að greina megi lungnakrabbamein fyrr og á lægri stigum en algengast er nú. Rannsóknir á notkun tölvusneiðmynda-tækni til skimunar skera úr um það en niðurstöðu úr þeim er að vænta innan fárra missera. Slík tækni er fyrir hendi hér á landi,“ segir Tómas, sem auk þess að vera prófessor við HÍ er yfirlæknir á skurðeild Landspítalans. Hann ætlar að halda hádegisfyrirlestur í Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð í dag sem nefnist Lungnakrabbamein á Íslandi – nýjar áherslur í meðferð. Í dag er nefnilega alþjóðlegur árveknidagur á lungnakrabbameini.

Tómas segir verulegar framfarir hafa orðið í greiningu og meðferð lungnakrabbameins hér á landi undanfarin ár því nýjar tegundir krabbameinslyfja hafi bætt líðan og lengt líf sumra sjúklinga með útbreitt lungnakrabbamein. Einnig sé í vaxandi mæli veitt viðbótarlyfjameðferð til að minnka líkur á því að meinið taki sig upp aftur eftir skurðaðgerð. Loks veiti tækninýjungar möguleika á að beita geislun á lítil og óskurð-tæk æxli.

Lungnakrabbamein er algengasta krabbamein á Íslandi á eftir blóðruhálskrabbameini hjá körlum og brjóstakrabbameini hjá konum. Það er mun skæðara og leggur fleiri að velli en hin framangreindu meinin samanlagt. Meira er vitað um orsakir þess en flest önnur krabbamein að sögn Tómasar. „Yfir 90 prósent lungnakrabbameinstíffella orsakast af reykingum og því höfum við góða möguleika á að fyrirbyggja þau með því að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja og fá þá sem reykja til að hætta því. Íslenskar rannsóknir benda til að erfðabættir auki á hættuna hjá sumum því fólk er misjafnlega næmt fyrir krabbameinsvaldandi efnun í sigarettureyknun.“



„Tölvusneiðmynda-tækni til skimunar gæti orðið til þess að lungnakrabbamein greinist fyrr,“ segir Tómas Guðbjartsson, læknir og prófessor. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Helsta læknanði meðferðin sem til staðar er á Íslandi í dag er skurðaðgerð. Þá er meinið skorið burtu, með því að taka helming eða 1/3 af lunga öðrum megin. Í fyrirlestrinum í dag mun Tómas fara yfir árangur slíkra aðgerða hér á landi. „Þrátt fyrir að aðgerðirnar séu umfangsmiklar eru undan-

tekningar ef sjúklingar lifa hana ekki af og alvarlegir fylgikvillar eru sjaldgæfir,“ segir hann.

Þess má geta að lungnakrabbamein er algengara í konum hér en víða erlendis. Það er rakið til þess að reykingar breiddust svo hratt út meðal kvenna á Íslandi eftir seinna stríð. gun@frettabladid.is

**Andoxunarefni er samheiti yfir náttúruleg efni sem vernda líkamann gegn sindurefnum. Sindurefni geta skaðað lifandi frumur, veikt ónæmiskerfið og leitt til myndunar hjarta- og æðasjúkdóma. Þau eru auk þess talin leggja grunninn að öldrun líkamans. Epli eru meðal annars rík af andoxunarefnum.**

Heimild: [www.heilsubankinn.is](http://www.heilsubankinn.is)

**ALLT HEIMILI**

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;  
 Jóna María Hugi  
 512 5473 512 5447

**Viltu breyta mataræðinu til batnaðar, en veist ekki hvar þú átt að byrja?**

**INGA KRISTJÁNSDÓTTIR**, næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar!

**Þriðjudagurinn.....17. nóvember**  
**Þriðjudagurinn.....24. nóvember**  
**Þriðjudagurinn.....01. desember**

**Farið verður með einföldum hætti yfir:**

- Hvernig við getum náð stjórn á blóðsykrinum!
- Hvernig verðum við okkur úti um þau næringarefni sem líkaminn þarfnast!
- Hvernig við getum auðveldlega öðlast meiri orku, vellíðan og heilbrigði!

*Innifalin er mappa með uppskriftum og fróðleik*

Staðsetning: Heilsuhúsið Lágmúla kl. 19:30 - 22:00  
 Upplýsingar og skráning í síma 899 5020 eða á eig@heima.is  
 Námskeiðsgjald kr. 3.900,-

**heilsuhúsið**  
 30 ára

Ný námskeið í nóvember - Nánar á [www.heilsuhusid.is](http://www.heilsuhusid.is)



Tekið á því. Drífa Atladóttir og Ágústa Kolbrún Jónsdóttir teygja úr sér fyrir ljósmyndara.

FRÉTABLAÐID/ANTON

## Lítið og persónulegt

Ágústa Kolbrún Jónsdóttir hefur ásamt fleirum opnað nýja jógastöð, Jóga Stúdíó, á Stórhöfða 17. Þar eru kennd ýmis afbrigði af jóga, svo sem slökunarjóga, hatha-jóga og heitt jóga sem nýtur mikilla vinsælda og segist eigandinn vera ánægður með þær góðu viðtökur sem stöðin hefur hlotið.

„Það er skemmtilegt hvað fólk er að þæla miklu meira í svona hlutum um þessar mundir og í raun huga meira að sjálfu sér en áður,“ segir Ágústa Kolbrún Jónsdóttir jógakennari. Hún rekur Jóga Stúdíó að Stórhöfða 17, þar sem ýmislegt er í boði fyrir þá sem vilja hægja á sér, hlúa að tilfinningalífnum, skerpa hugann og almennt huga að heilsunni.

Ágústa Kolbrún lærði á sínum tíma Hatha jóga hjá Guðjóni Bergmann og læriföður hans, Shanti Desai, og kennir það á stöðinni. „Hatha er jafnvægi; orðið þýðir tungl og sól og jafnframt jafnvægi á líkama og sál,“ segir hún og upplýsir að sé teygð hægra megin í Hatha verði líka að teygja vinstra megin.

Hot yoga eða heitt jóga er önnur tegund af jóga sem er kennt í Jóga Stúdíó. „Þá hitum við jóga stúdíóið upp í svona 37 gráður,“ útskýrir Ágústa Kolbrún og bætir við að þrátt fyrir að tímarnir hefjist klukkan sjö á morgnana sé mætingin ótrúlega góð. Enda gott að hefja daginn með þessu móti að hennar sögn.

„Svo erum við með slökunarjóga á föstudögum, til að losna við streituna og hlaða sig fyrir næstu viku. Ekki má svo gleyma jóga tímum í hádeginu, en þá losnar oft mikil orka úr læðingi,“ segir Ágústa Kolbrún. „Til marks um það kom einu sinni Íslandsmeistari í hjólræiðum í tímann og ég frétti seinna af því að hann hafði fengið miklar harðsperr-

ur eftir tímann. Ég var mjög stolt yfir því,“ segir Ágústa Kolbrún, sem gleðst yfir því að allir, jafnvel afreksfólk í íþróttum geti grætt á því að mæta í tíma.

„Í hitanum verður mikil uppgufun af líkamanum. Þess vegna er þetta til dæmis mjög hentugt fyrir afreksfólk í íþróttum,“ segir hún og tekur annað dæmi. „Við fengum í tíma einn fótboltastrák sem var að drepast í öxlinni. Hann hafði farið til sjúkrahjálfa á árangurs en lagðist hjá okkur,“ segir Ágústa Kolbrún og rekur ástæðuna meðal annars til þess að vegna hitans örvist blóðflæði líkamans. „Þannig lækna líkaminn sig sjálfur.“

niels@frettabladid.is

## Hefur áhrif á hegðun

Vísindamenn telja efni í plasti geta haft áhrif á hormónastarfssemi líkamans.

Vísindamenn við Háskólann í Rochester í Bandaríkjunum telja að efnið phthalatar sem algengt er í plastleikföngum geti haft áhrif á hegðun barna og jafn vel ýtt undir „kvenlega“ hegðun meðal drengja.

Löngum hefur sá grunur verið á kreiki að þetta tiltekna efni geti haft tiltekin áhrif, og þá óæskileg áhrif, á hormónastarfssemi líkamans.

Vísindamenn við Háskólann Rochester

tóku þvagsýni kvenna á meðgöngu í þeim tilgangi að finna efnið. Því næst fylgdust þeir í fjögur ár með börnum mæðranna, samtals 74 drengjum og 71 stúlku, og gerðu á þeim rannsóknir. Þær leiddu í ljós að aðeins synir þeirra mæðra sem innihéldu phthalatar höfðu lítinn áhuga á dæmigerðum áhugamálum drengja eins og bíla- og byssuleikjum og slagsmálum.

Vísindamennirnir telja fyrrnefnt phthalatar vera helstu orsökina fyrir þessu, og eru á því að það geti haft varanleg áhrif.

- ng



Efnið phthalatar er algengt í plastleikföngum.



Talið er að tiltekið efni í plasti geti haft áhrif á hegðun barna.



Eirberg

### Nálastungudýnan

- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Hefur góð áhrif gegn streitu
- Er slakandi og bætir svefn

Heilsudýnan sem slegið hefur í gegn í Svíþjóð

Opið virka daga frá kl. 9 - 18 og laugardaga til jóla kl. 11-16

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Verð frá 9.750 kr.



Silíkonaðgerðir gætu liðið undir lok nýja aðferðin útbreiddum vinsældum.

## Búa til brjóst

Ástralskir lækna endurskapa brjóst á konum sem hafa farið í brjóstnámsaðgerð.

Lækna í Melbourne í Ástralíu hafa þróað aðferð til að endurskapa brjóst. Aðferðin gengur út á að taka fitufrumur og rækta á því svæði sem brjóstvefurinn var, sem numinn var burtu. Vefurinn fær svo að vaxa með eðlilegum hætti þar til brjóstið nær fyllingu.

Aðferðin var nýverið kynnt á ráðstefnu lýtalækna í Sydney og vakti lukku, meðal annars vegna þess hversu einföld hún þykir. Auk þess gæti hún er fram líða stundir leyst af hólmi silíkonaðgerðir. Áður en af því verður þarf þó að framkvæma fleiri aðgerðir og sýna fram á að engin hættu sé á því að krabbameinsfrumur muni fjölga sér í hinum nýja fituvef.

- ng

Betri heyrn  
Bætt lífsgæði

# Heyrðu betur

með vonduðu  
heyrnartæki

Pantaðu tíma í fría heyrnarmælingu í síma **568 6880**

[www.heyrnartækni.is](http://www.heyrnartækni.is)



Glæsibæ | Álheimum 74 | 104 Reykjavík | Þjónusta á landsbyggðinni | sími: 568 6880 | [www.heyrnartækni.is](http://www.heyrnartækni.is)

Allt frá árinu 2001 hefur Heyrnartækni boðið upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja frá Oticon. Í dag er útlit heyrnartækja frá Oticon þannig að þau eru nánast því ósýnileg bakvið eyrun og tæknin svo fullkomin að hún kemur notendum nær eðlilegri heyrn en nokkrum tímann fyrr.

Heyrnartækni er leiðandi fyrirtæki í þjónustu við heyrnarskerta á landsbyggðinni. Auk daglegrar þjónustu í Reykjavík þá bjóðum við reglulega upp á heyrnarmælingar og heyrnartækjaþjónustu á 18 stöðum á landsbyggðinni.

Bjóðum upp margar gerðir heyrnartækja í ólíkum verðflokkum.

# TÍSKA

**FYLGIHLOTIR** eru ekki síður mikilvægir en föt og gera oft gæfumuninn. Eftirfarandi hlutir heyrja til fylgihluta: Skartgripir, hanskar, töskur, hattar, belti, klútar, treflar, úr, sólgeraugu, nælur, nælonsokkar, sokkabuxur, legghlífar, leggings, bindi og axlabönd.




Von er á nýrri snyrtivörulínu frá Burberry í júlí á næsta ári. Yfir hundrað vörutegundir fyrir varir, augu og húð verða þá settar á markað en fyrir hefur Burberry getið sér gott orð fyrir fata- og ilmvatnsframleiðslu.

Heimild: [www.stylelist.com](http://www.stylelist.com)

## Fáguð nákvæmni

Þó að kínverskir hönnuðir geri margir djarfar tilraunir þá er hönnun þeirra auðþekkjaleg enda fáguð og stílhrein. Tískuvikan í Kína er nýfstaðin og sveik hún engan.

Tískuvikunni í Kína lauk fyrir skemmstu en þar var öllu tjaldað til að vanda. Kínverskir hönnuðir eru þekktir fyrir að gera djarfar tilraunir en þrátt fyrir það er nokkuð auðvelt að greina hönnun þeirra frá hönnun annarra. Þeir leika sér gjarnan með skarpar línur og stílhrein form og er útkoman oftast en ekki fáguð og glæsileg auk þess sem hún ber vott um mikla nákvæmni. Kvenleikinn ræður yfirleitt ríkjum og fara flikurnar vel á fínlegum fyrirsætunum. Þær höfða þó líka til okkar í vestrinu.

*vera@frettabladid.is*



Sumt er djarfara en annað.

Þáfuglinn hefur veitt mörgum hönnuðum innblástur enda tilkomumikill og fagur.



Fallega jólaskeiðin frá Ernu  
Verð 14.900,-

ERNA  
sími 552 0775



Teg. 6544 - vel fylltur í BC skálum á kr. 3.950,- boxer buxur í stíl á kr. **1.950,-**

Teg. 7217 - mjúkur og vænn í CDE skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl kr. **1.950,-**

**MISTY**  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf  
Laugavegi 178, 105 R  
sími 551-3366 - [www.misty.is](http://www.misty.is)  
opið mán-fös 10-18, lau 10-14

uppfylling



Kínversk hermanklæði sniðin á konu.

Oftast en ekki má sjá skarpar línur og stílhrein form.

Hér er ekki klikkað á smáatriðunum.

## Konukvöld

Miðvikudaginn 18. nóv. kl 19-22  
**20% afsláttur af öllum Basler vörum þann dag.**

**B|A|S|L|E|R**



Skipholt 29b • 105 Reykjavík • S. 551 0770

## OMEGA MISSKILNINGUR?

Nýjar upplýsingar um Omega-3 og Omega-6 fitusýrur.

Itogha Ísland býður þér á fyrirlestur Ola Eide sem hefur yfir 30 ára reynslu af rannsóknum á fitusýrum

**itogha**

**Dagskrá:**

- Nýjar rannsóknir á fitusýrum og flavoníðum
- Fitusýruhlutfall og áhrif þess á heilsufar
- Matarvenjur og þróun sjúkdóma frá 1850 til okkar daga
- Áhrif Omega-3 og Omega-6 fitusýra á heilsfar
- Nýtt próf sem mælir hlutfall Omega-3 og fitusýruhlutfall blóðsins
- Kynntar verða nýjar rannsóknir um offitu og fitusýruhlutfall
- Mikilvægi fitusýruhlutfalls hjá þunguðum konum
- Hvernig forðast má oxun Omega-3 í líkamanum
- Vörulína Itogha
- Fyrirspurnir

**Norræna húsið, miðvikudaginn 18. nóvember, kl. 8:15 - 10:00.**  
Kaffi og morgunverðarhlaðborð frá veitingahúsinu Dill í boði Itogha

**Skráningar: [skraning@itogha.com](mailto:skraning@itogha.com)**

## Auglýsingasími

# 512 50 50



- Mest lesið







## Atvinna



## Starf í Apóteki

Starfsmaður óskast í Lyfjaval Álftamýri sem fyrst. Um er að ræða fjölbreytt heilsdagsstarf á vaxandi vinnustað. Lágmarksaldur 20 ár. Starfsreynsla úr apóteki skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 20.nóvember og skal senda umsóknir í pósti á Lyfjaval Hlíðasmára 1 210 Kópavogi. Einnig má senda umsóknir á póstfangið lyfjaval@lyfjaval.is. Upplýsingar gefur Guðni í síma 894-3083.

## Fasteignir



Rúnar S. Gíslason  
lögg. fasteignasali

## Höfum kaupendur að eftirfarandi eignum:

**2ja herbergja** íbúð í Reykjavík hverfi 112 og hverfi 105.  
**3ja herbergja** íbúð í Reykjavík hverfi 112, 104, 105 og 113.  
**4ra herbergja** íbúð Reykjavík hverfi 108, 109, 104 og 105.  
**Raðhúsi** í Reykjavík hverfi 112, 113 og Kópavogi hverfi 201.  
**Einbýlishúsi** 250 til 380 fm í Reykjavík hverfi 108, hverfi 109 og Garðabæ hverfi 210.  
**Húseign** í miðbæ Reykjavíkur hverfi 101, með þremur til fjórum íbúðum.  
Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson viðsk. fr./lögg. fasteignasali í síma 898 4125 eða á netfanginu kristinn@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 512 3400

Blaðberinn  
bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Tilkynningar



FISKISTOFA

### Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2008/2009 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 557, 25. júní 2009

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:

#### Djúpivogur

Fyrir neðangreint byggðalag vísast auk reglugerðarinnar til sérstakra úthlutunarreglna í

hlutaðeigandi byggðalagi sbr. auglýsingu nr. 915/2009 í Stjórnartíðindum.

#### Vopnafjörður

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2009.

Fiskistofa, 16. nóvember 2009.

## Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 40 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. nóvember 2009, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2009 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 16. nóvember 2009, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oliugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðaragjaldi, sektum skattannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlána-sjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 40 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. nóvember 2009.

#### Tollstjóri

Sýslumaðurinn í Kópavogi  
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði  
Sýslumaðurinn í Keflavík  
Sýslumaðurinn á Akranesi  
Sýslumaðurinn í Borgarnesi  
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi  
Sýslumaðurinn í Búðardal  
Sýslumaðurinn á Ísafirði  
Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Sýslumaðurinn á Patreksfirði  
Sýslumaðurinn á Hólmavík  
Sýslumaðurinn á Siglufirði  
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki  
Sýslumaðurinn á Blönduósi  
Sýslumaðurinn á Akureyri  
Sýslumaðurinn á Húsavík  
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði  
Sýslumaðurinn á Eskifirði  
Sýslumaðurinn á Höfn

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Selfossi  
Sýslumaðurinn í Vík  
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

## Fundir / Mannfagnaður



### Aðalfundur Heilsuhringsins

Verður laugardaginn 28. nóvember kl. 14 í fundarherbergi Norræna hússins. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

71,4%



29,3%



MORGUNBLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

## Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er með **143%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðill.



Allt sem þú þarft...



# Menning og mælingar

## UMRÆÐAN

Áslaug María Friðriksdóttir skrifar um menningarmál

Víð deilum því flest að menningin er okkur mikilvæg, jafnvel þó að við útskýrum það með ólíkum hætti. Hugtakið menning er líka afar opið og breitt og getur innihaldið flest sem okkur dettur í hug. Menning tengist



ÁSLAUG MARÍA FRIÐRIKSDÓTTIR

umhverfi okkar, sögu og hegðun fyrr og nú. Menning er þar af leiðandi einhvers konar sameiginleg meðvitund okkar um að við séum af sama uppruna eða í sama mengi og verður ákveðinn samnefnari milli fólks. Menningin er því forsenda samstöðunnar. Á erfiðum tímum eins og nú ganga í garð er samstaðan afar mikilvæg.

Menning hefur ekki verið hagfræðingum hugleikin. Leitun er að upplýsingum og tölum um áhrif menningarstarfsemi á samfélagið. Menningargeirinn hefur varla verið álitinn hluti af atvinnulífinu. Erfitt getur verið að skilja hvaða áhrif menningarviðburðir eða starfsemi leiðir af sér. Flestir skilja að þegar viðburðir draga að erlenda ferðamenn hljóta þeir að skila einhverju fjármagni inn í samfélagið með gjaldeyri í verslun og gistinóttum. Hvergi er þó slíkum viðburðum gerð nægilega góð skil hvað hagræn áhrif og tölulegar upplýsingar varðar.

Í upplýsingasamfélagi eins og okkar er allt mögulegt mælt. Alls kyns lykiltölur og mælingar. Allt frá því að vera hlutbundnar talningar í huglægar spár. Helsta viðfangsefnið er auðvitað að sjá í hverju skal fjárfesta. Oft hefur sýnin á það verið of þröng, aðeins er horft í bókhald þess sem fjárfestir í ákveðnu verkefni og skili fjárfestingin sér ekki aftur inn í bókhald sama fjárfestis þykir verkefnið ekki verðugt. Menningarverkefni hafa oft verið talin til góðgerðarstarfsemi sem gott er að fjárfesta í til að halda uppi jákvæðri ímynd og orðspori. Í minni mæli hefur verið horft til menningarverkefna sem lausna eða aðgerða sem gætu haft veruleg áhrif á efnahags- eða atvinnulífið.

Menningar- og ferðamálaráð hefur nú ákveðið að stíga upphafsskrefið til að reyna að bæta úr ofangreindu. Stofnaður hefur verið starfshópur sem hefur það hlutverk að koma með tillögur að úrbótum svo borgin fái betri yfirsýn yfir þau hagrænu áhrif sem menningarstarfsemi í Reykjavík leiðir af sér. Starfshópurinn mun kalla til sín ýmsa aðila á meðan á vinnunni stendur. Þeim sem telja sig hafa góðar hugmyndir er hér með bent á að hafa samband við undirritaða.

Höfundur er formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



889 H13H12025107  
**Járnsög m/hraðskiptingu**  
Verð áður 1.720 kr.  
**Verð nú**  
**1.290 kr.**



063 700003952  
**Málband**  
Verð áður 1.490 kr.  
**Verð nú**  
**995 kr.**



063 70000247  
**Kertalykill**  
Verð áður 990 kr.  
**Verð nú**  
**695 kr.**



889 H03640M  
**Herslumælir**  
Verð áður 11.950 kr.  
**Verð nú**  
**9.584 kr.**



889 H0254248C  
**Toppasett 48 stk. 1/4"-1/2"**  
Verð áður 19.980 kr.  
**Verð nú**  
**14.985 kr.**



889 H0254278  
**Toppasett 1/4"-1/2"**  
Verð áður 25.890 kr.  
**Verð nú**  
**19.417 kr.**



889 H035C012M  
**Skralllyklasett beinir 8-19mm**  
Verð áður 24.900 kr.  
**Verð nú**  
**18.675 kr.**

063 700004073  
**Segulpennt**  
Verð áður 1.490 kr.  
**Verð nú**  
**995 kr.**

**33%**  
afsláttur



063 700003533  
**Fjölsviðsmælir**  
Verð áður 2.795 kr.  
**Verð nú**  
**1.250 kr.**

**55%**  
afsláttur



889 H17AT2671  
**Verkfæraskáp m/verkfærum**  
Verð áður 124.890 kr.  
**Verð nú**  
**93.667 kr.**



063 700002779  
**Gormaklemma**  
Verð áður 7.450 kr.  
**Verð nú**  
**4.990 kr.**

# Réttu verkfærin til að spara með

Tilboðsverð á verkfærum í nóvember

**25%**  
afsláttur



889 H0509ALOBK1AA3K  
**Sexkantasett m/kúlu 8-10mm**  
Verð áður 998 kr.  
**Verð nú**  
**748 kr.**



889 H02A339  
**Toppasett 3/8"**  
Verð áður 13.780 kr.  
**Verð nú**  
**10.335 kr.**



889 H06H06004201  
**Hnoðtöng**  
Verð áður 3.180 kr.  
**Verð nú**  
**2.385 kr.**



889 H025G247  
**Toppasett 1/4"**  
Verð áður 14.250 kr.  
**Verð nú**  
**10.687 kr.**

**44%**  
afsláttur



063 700001572  
**Lyklasett**  
Verð áður 9.994 kr.  
**Verð nú**  
**5.590 kr.**

**33%**  
afsláttur



063 700002578  
**Kapalskótöng**  
Verð áður 1.990 kr.  
**Verð nú**  
**1.490 kr.**



889 SKU-4037  
**Torx toppasett**  
Verð áður 6.850 kr.  
**Verð nú**  
**5.137 kr.**



## Hraðskreiðari föt á hagstæðu tilboði



595 106225  
**CKX sleðajakki**  
Verð  
**24.900 kr.**



595 7012  
**Slednecks Bandit sleðajakki**  
Verð  
**25.200 kr.**



595 MD8902  
**Moose handamúffur**  
Verð  
**6.200 kr.**



595 51001  
**One Industries treyja**  
Verð áður 11.900 kr.  
**Verð nú**  
**9.520 kr.**

FILEN/SIA

Tilboðin gilda út nóvember eða á meðan birgðir endast.

## N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9

N1 verslanir: Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.

WWW.N1.IS  
Sími 440 1000

**Meira í leiðinni**

DANNY DEVITO ER 65 ÁRA Í DAG

„Það er gaman að lifa á brúninni. Ég er á þeirri skoðun að maður geri bestu hlutina þegar maður tekur áhættu, þegar maður fer ekki öruggu leiðina. Þannig er það að minnsta kosti í mínu tilfelli.“

Leikarinn smávaxni Danny DeVito sló í gegn í sjónvarpsþáttunum Taxi árið 1978 og hefur síðan leikið í, leikstýrt og framleitt fjöldann allan af Hollywood-kvikmyndum.



**PETTA GERÐIST: 17. NÓVEMBER 1988**

# Linda Pétursdóttir Ungfrú heimur

Á þessum degi árið 1988 stóð Linda Pétursdóttir frá Vopnafirði uppi sem sigurvegari í keppninni um Ungfrú heim sem haldin var í Royal Albert Hall í London. Milljónir áhorfenda fylgdust með fegurðarsamkeppninni í beinni sjónvarpsútsendingu. Við sama tækifæri var Linda kjörin ungfrú Evrópa, en hafði verið kosin ungfrú Ísland í maí sama ár.



Linda var átján ára gömul þegar hún var kjörin Ungfrú heimur. Premur árum fyrr hafði Hólm-ritaði ævisögu Lindu, Ljós og skugga, árið 2003. Í henni greindi Linda frá ferli sínum og erfiðleikum í einkalífnum.

fríður Karlsdóttir úr Garðabæ sigraði í sömu keppni. Unnur Birna Vilhjálmssdóttir varð síðan þriðji Íslendingurinn sem var kjörin Ungfrú heimur, í Sanya í Kína árið 2005, en Guðrún Bjarnadóttir hafði sigrað í keppninni Miss International á Langsandi í Kaliforníu árið 1963.

Reynir Traustason ritaði ævisögu Lindu, Ljós og skugga, árið 2003. Í henni greindi Linda frá ferli sínum og erfiðleikum í einkalífnum.

**MERKISATBURÐIR**

- 1869 Súesskurðurinn milli Rauðahafs og Miðjarðarhafs opnaður.
- 1912 Íslenska guðspekifélagið stofnað í Reykjavík.
- 1938 Vikan kemur út í fyrsta sinn, fyrsti ritstjóri hennar er Sigurður Benediktsson.
- 1940 Akureyrarkirkja er vígð og er stærsta guðshús íslensku þjóðkirkjunnar.
- 1946 Þrjú hús gjöreyðileggjast og mörg skemmast mikið í bruna í Þingholtunum í Reykjavík.
- 1974 Viktor Borge, danskur píanóleikari og háðfugl, kemur fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands.
- 1984 Jón Baldvin Hannibalsson kjörin formaður Alþýðuflokksins.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



MARTIN SCORSESE kvikmyndaleikstjóri er 67 ára í dag.



SOPHIE MARCEAU leikkona er 43 ára í dag.



RACHEL MCADAMS leikkona er 31 árs í dag.



ZOE BELL áhættuleikari er 31 árs í dag.

## Eystrahorn aftur komið á stjá

Héraðsfréttablaðið Eystrahorn hefur verið endurvakið sem vikublað á Höfn í Hornafirði. Útgefandi þess, ritstjóri og ábyrgðarmaður er Albert Eymundsson, fyrrverandi bæjarstjóri á Höfn. Hann kveðst finna fyrir mikilli ánægju með framtakið í nærumhverfinu enda hafi hann fengið margar áskoranir um að kýla á útgáfuna. Tekur þó fram að um þriggja mánaða tilraun sé að ræða í fyrstu og segir vildaráskrift algert grundvallaratriði ef tryggja eigi útgáfuna til framtíðar. Hann höfðar til samkenndar og félagslegrar ábyrgðar íbúanna á svæðinu og framlagi þeirra sem hafi áhuga og afl til að leggja blaðinu lið.



EYSTRAHORN Fyrsta tölublað 27. árgangs er átta síður.

Eystrahorn hóf göngu sína upphaflega á vordögum 1983 en hætti útgáfu um mitt ár í fyrra. Nú rís það upp á ný til að miðla upplýsingum til lesenda með fréttum, fróð-

leik og auglýsingum ásamt því að varðveita heimildir sem ekki eru skráðar annars staðar og skapa menningarleg verðmæti fyrir íbúana, eins og segir í aðfararorðum ritstjóra.

Eystrahorn fer inn á hvert heimili í sýslunni, enda stendur á forsíðu fyrsta tölublaðs sem kom út 5. nóvember. Blað sem bætir bæjarbrag og berst í sérhvert hús.



FIMMUGSAFMÆLI Einar Karl Friðriksson, formaður Söngsveitarinnar Fílharmóníu, Lilja Árnadóttir, formaður afmælisnefndar, og Magnús Ragnarsson stjórnandi.

SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA: FAGNAR HÁLFRAR ALDAR STARFSAFMÆLI SÍNU

# Vegleg dagskrá afmælisársins

„Óneitanlega er þetta dálítið sérstakt. Að kórinn hafi lifað allan þennan tíma, með þeim hætti sem hann hefur gert, og enn þá að vinna að þessum stóru verkefnum og annars konar verkefnum jafnframt,“ segir Lilja Árnadóttir, sem situr í afmælisnefnd Söngsveitarinnar Fílharmóníu. Kórinn fagnar hálfrar aldar afmæli sínu á þessu starfsári.

Spurð hvort kórinn sé meðal elstu kóra landsins segir Lilja að svo muni vera í raun, þótt alltaf geti verið nokkuð erfitt að staðhæfa um slíka hluti.

„Þó er ljóst að Fílharmóníukórinn er elsti blandaði kórinn sem hefur starfað samfellt þetta lengi og rækir með öðru sitt upphaflega hlutverk að flytja stór kórverk með hljómsveit og einsöngvurum. Mannskapurinn í sveitinni endurnýjast auðvitað reglulega en fyrirbærið er enn þá til eftir fimmtíu ára starf,“ segir Lilja.

Í apríl á næsta ári verða liðin fimmtíu ár frá fyrstu tónleikum söngsveitarinnar, þar sem hið víðfræga kórverk þýska tónskáldsins Carl Orff var frumflutt í Þjóðleikhúsinu. Sveitin var stofnuð fyrir tilstuðlan dr. Róberts Abrahams Ottóssonar og félagsins Fílharmóníu í þeim tilgangi að flytja stór verk fyrir kór, einsöngvara og sífóníuhljómsveit. Magnús Ragnarsson hefur verið söngstjóri kórsins frá árinu 2006.

Óvenju mikið er um að vera hjá kórnum á yfirstandandi starfsári í tilefni hálfrar aldar afmælisins. Fyrstu tónleikarnir voru í Seltjarnarneskirkju í september, og 6. og 9. desember verða hinir árlegu adventutónleikar kórsins haldnir í Langholtskirkju. Í janúar verður verkið Magnificat eftir John Rutter í samstarfi við Kór Fella- og Hólakirkju og Lúðrasveit verkálýðsins en þeim tónleikum stjórnar Snorri Heimisson stjórnandi lúðrasveitarinnar.

„Hápunkturinn er svo mikill afmælistónleikar í maí,“ segir Lilja. „Fyrir þá semur Tryggvi M. Baldvinsson tónskáld verk fyrir kórinn, einsöngvara og hljómsveit, en jafnframt verða fluttir kaflar úr völdum eftirlætisverkum sem flutt hafa verið á starfstímanum.“ Á sjálfum afmælisdeginum, 24. apríl, verður haldin afmælishátíð, sem öllum fyrrverandi og núverandi meðlimum sveitarinnar og velunnurum gefst kostur á að sækja.

Baldur Sigfússon, fyrrverandi yfirlæknir á Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands, er eini starfandi stofnfélaginn og það er óneitanlega skemmtilegt að hann mun syngja einsöng í nýju verki eftir Magnús Ragnarsson sem verður frumflutt á adventutónleikunum. Það verk heitir Athvarf frá kyni til kyns, samið við texta úr 90. Davíðssálmi og er afmælisgjöf Magnúsar til söngsveitarinnar. „Baldur er alveg ótrúlegur og brýtur öll lögmál,“ segir Lilja.

ljartan@frettabladid.is

Í apríl á næsta ári verða liðin fimmtíu ár frá fyrstu tónleikum söngsveit-

## Einar Kárason ræðir um Ofsa

Einar Kárason rithöfundur sagnar Ofsa á hádegisfyrirlestri í stofu 102 á Háskólatorgi á morgun klukkan 12. Bókin kom út á síðasta ári og hreppti meðal annars Íslensku bókmenntaverðlaunin.

Fyrirlestur Einars er hluti af röð hádegisfyrirlestra

sem Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands efir til í vetur undir yfirskriftinni Hvernig verður bók til? Þar veita íslenskir rithöfundar innsýn í tilurð þekktra ritverka, lýsa vinnulagi sínu frá hugmynd að fullfrágenginni bók og ræða um viðhorf sín til skáldskaparinnar.



EINAR KÁRASON Ræðir skáldsögu sína Ofsa í hádegisfyrirlestri á morgun.

# Ný fuglafrímerki líta dagsins ljós

Nokkur ný frímerki hafa litið dagsins ljós í þessum mánuði. Þar eru tvö með íslenskum fuglum, stuttnefju og hvít-mávi. Teikningarnar eru eftir Jón Baldur Hlíðberg en hönnun frímerkjana var í höndum Arnars Snorrasonar.



Stuttnefnu merkið er 110 krónur að verðgildi og hvít-mávamerkið 130. Þau eru 30,9x45 millimetrar að stærð.

Einnig er nýtt merki með mynd af Þingvallakirkju. Hönnuður þess er Hany Hadaya. Verðgildi merkisins er 190 krónur og það er jafnstórt fuglamerkjunum. - gun



Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,  
**Kristbjörg Marteinsdóttir**  
Birkihlíð 12, Reykjavík,

lést á Landspítalanum að morgni miðvikudagsins 11. nóvember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 19. nóvember kl. 13.00. Þeim, sem vilja minnast hennar, er bent á minningarsjóð hjá Göngum saman, kt.: 650907-1750 og reikningsnúmer 0372-13-302703.

Eliás Haraldsson  
Sigurlaug Tara Eliásdóttir  
Marteinn Högni Eliásson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, aftlangafi og langalangafi,

**Helgi Eiríksson**  
aðalbókari,

lést á líknardeild Landspítalans Landakoti föstudaginn 13. nóvember. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. nóvember kl. 15.00.

Sigrún Dúfa Helgadóttir  
Eiríkur Helgason  
Sigurjón Helgason  
Ingólfur Helgason

Gunnar Karlsson  
Þórunn Kristinsdóttir  
Vilhjelmina Haraldsdóttir

Jón Helgason  
Anna Sigríður Helgadóttir  
afabörn, langafabörn og langalangafabörn.

Sigrún Gréta Magnúsdóttir  
Ívar Gunnarsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarbug við andlát og útför okkar ástkæra,

**Yngva Magnúsar Zophoníassonar**  
húsgagnasmíðameistara.

Guðrún Björt Yngvadóttir  
Borgþór Yngvason  
Hafþór Yngvason  
barnabörn og barnabarnabörn.

Jón Bjarni Þorsteinsson  
Svanhildur Sigurðardóttir  
Sarah Brownsberger



Hjartkær eiginmaður minn,

**Árni Óskarsson**  
Engjavegi 51, Selfossi,

lést á Fossheimum Selfossi sunnudaginn 15. nóvember.

Heiðís Gunnarsdóttir.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Herdís Steinsdóttir**  
Akurgerði 44, Reykjavík,

lést á öldrunarheimili Landspítalans í Fossvogi föstudaginn 13. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 23. nóvember kl. 13.00.

Lóa Gerður Baldursdóttir  
Jón Birgir Baldursson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Örn Ingólfsson  
Þórunn Stefánsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og blygðug við andlát og útför bróður okkar og mágs,

**Hallbergs Sigurjónssonar**  
Stuðlaseli 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur og heimilis og starfsfólks að Stuðlaseli 2.

Sigurður Sigurjónsson  
Alda Rut Sigurjónsdóttir

Eliásbet Guðmundsdóttir  
Ólafur Haraldsson



Hjartkær móðir mín, systir, amma okkar og langamma,

**Jóhanna Hinriksdóttir**  
Aflagrandá 40,

lést laugardaginn 14. nóvember á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum. Jarðarförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 20. nóvember og hefst athöfnin klukkan 15.

Guðriður Sigurðardóttir  
Sigríður Hinriksdóttir  
Jóhanna Árnadóttir  
Sigurður Árnason  
Þórdís Elín Sigurðardóttir

Brynhildur Tinna Birgisdóttir



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Rut Guðmundsdóttir**  
Kambuvegi 14, Reykjavík,

sem lést að heimili sínu þann 6. nóvember sl. verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 19. nóvember kl. 13.00.

Ólafur Ólafsson  
Erla Dögg Ólafsdóttir  
Ólafur Óli Ólafsson  
Sandra Rut Fannarsdóttir

Ragna Þorgeirsdóttir  
Fannar Geir Ásgeirsson  
Halla Rún Fannarsdóttir



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Millý Birna Haraldsdóttir**  
Ofanleiti 29, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Hringbraut 5. nóvember, verður jarðsöngin frá Lágafellskirkju í dag, þriðjudag 17. nóvember, kl. 15.00.

Líney Ólafsdóttir  
Ólafur Karlsson  
Birna Karlsdóttir

Karl Tómasson  
Erla Hrund Halldórsdóttir



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**Magnea Thomsen**

Lundi 1, Kópavogi, áður til heimilis að Ennishlíð 4 í Ólafsvík,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni 15. nóvember. Útförin auglýst síðar.

Guðmundur J. Sveinsson  
Sigurður Sveinn Guðmundsson

Guðrún Jenný  
Sigurðardóttir

Anna Margrét Guðmundsdóttir  
Tómas Guðmundsson

Unnar Freyr Bjarnason  
Sonja Erna Sigurðardóttir  
og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma

**Ragnhildur G. Finnbogadóttir**

frá Fremri-Hvestu, Arnarfirði,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þann 9. nóvember. Útförin fer fram frá Bíldudalskirkju laugardaginn 21. nóvember kl. 14.00.

Sigríður Bjarnadóttir  
Margrét Bjarnadóttir  
Guðbjörg Bjarnadóttir  
Kristófer Bjarnason  
Marínó Bjarnason  
Jón Bjarnason  
Ingibjörg Halldóra Bjarnadóttir  
Elín Bjarnadóttir  
Gestný Bjarnadóttir  
Katrín Bjarnadóttir  
Dagur Bjarnason  
Ragnar Gíslí Bjarnason  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Kristján Bersi Ólafsson  
Guðni Sigurjónsson  
Ægir Jóhannsson  
Janthuan Uansa-Ard  
Freyja Magnúsdóttir  
Halla Hjartardóttir  
Albert Sigurður Albertsson  
Smári Adolffson

Valborg Mikaelisdóttir

# GÓÐAR FRÉTTIR

## Nú er Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Frídreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafið samband við Pósthúsið í síma 585 8300.



### Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:

Ásbyrgi	Verslunin Ásbyrgi ehf	Neskaupstaður	Olís
Baula	Verslun	Ólafsfjörður	Olís
Blönduós	N1	Ólafsvík	N1 – Olís
	Potturinn og pannan	Raufarhöfn	Verslunin Urð
Dalvík	N1 – Olís	Reyðarfjörður	N1 – Olís – N1
Egilsstaðir	N1	Rif	Umboð Shell / Tandur
Eskifjörður	Shell skáli	Sauðárkrúkur	N1 – Shell skáli
	Kría veitingastaður	Siglufrjörður	Olís
Fellabær	Olís	Skagaströnd	Olís
Hella	Olís	Staðarskáli	N1
Hellissandur	Hraðbúð N1	Stykkishólmur	Bónus – Olís – Bakarí
Húsavík	N1 – Olís – Shell skáli	Stöðvarfjörður	Brekkan veitingastaður
Hvolsvöllur	N1	Vestm.eyjar	N1
Höfn	N1 – Olís	Víðigerði	Verslunin Víðigerði
Ísafjörður	N1	Vík	N1
Kópasker	Búðin Kópasker	Vopnafjörður	N1
Laugavatn	Tjaldmiðstöðin	Þórshöfn	N1

Hægt er að fá Fréttablaðið sent frítt í tölvupósti á morgnana eða nálgast það á [Visir.is](http://Visir.is).



Allt sem þú þarft...

## Vinnufúsu hendurnar

**BAKPANKAR**  
Kolbeins  
Óttarssonar  
Proppé

Sjálfhverfni pistlahöfunda á sér engin stakmörk og því mun þessi pistill fjalla um mig. Að vísu verður reynt að tengja hann efnahagsástandinu í lokin, en það er veik tenging. Pistillinn er fyrst og fremst um mig. Því þegar ég var sautján ára gamall fór ég í fyrsta skipti á sjóinn. Ekki af því að ég væri eftirsóttur, alls ekki. Útgerðarmaðurinn vildi Hrafnel bróður minn en hann var ekki laus. Benti á mig. „Er hann vanur?“ „Nei, hefur aldrei komið á sjó, en hefur unnið í frystihúsi mörg sumur.“ „Já, já heyrir þér síðar.“



**EN PAR** sem mikið lá við, dallurinn var kominn langleiðina á miðin þegar einn hásetinn slasaðist og sigla þurfti honum í land, var ákveðið að gefa liðléttingnum tækifæri. Og fjölskyldan var undirlögð; það þurfti að kaupa galla og allskyns græjur, gúmmistígvél og síðar ullarbuxur. Síðan var farið út að borða og línurnar lagðar. „Láttu aldrei biðja þig tvisvar um neitt.“ „Á fætur við fyrsta ræs.“ „Ekki láta standa á þér við neitt verk.“

**OG SVO** kom Hilmir og kyssti bólvarkið, sá slasaði borinn í land og liðléttingurinn skottaðist um borð. Og fyrr en varði var haldið af stað út aftur og ljósinn í Hafnarfirði hurfu í sortann.

**EKKI SKYLDI** standa á mér. Enginn tími til að koma sér fyrir í klefanum, best að halda beint í stakkaklefan og græja sig upp. Brakandi nýr sjógallinn lýsti eins og neonljós og hægt hefði verið að gera að fiski með brotnum í buxunum. Það ískraði í nýju gúmmíinu í vettlingunum, en brátt var ég tilbúinn og kominn upp á dekk.

**PAR SEM** ég stóð ölduna og rýndi í sortann varð ég þess fljótlega áskynja að ég var einn á dekkinu. Ég lét það þó ekkert á mig fá, rölti um mannalegur og hummaði yfir hinu og þessu. „Ætli sé ekki rétt að færa þennan kaðal aðeins til hægri?“ „Hvað er þessi krókstjaki að gera hér?“ „Netakarfan veltur um á dekkinu.“ „Best að hrækja fyrir borðstokkinn.“ En brátt rann upp fyrir mér ljós; engin verk var að vinna fyrir minar vinnufúsu hendur. Ég laumaði mér úr gallanum og niður í matsal, en þar lágu menn og horfðu á vídeó og drukku kaffi. Enda á öðru útstími og öll verk löngu unnin.

**OG MÓRALLINN?** Sosum enginn. Nema kannski sá að betra er að nýta vinnufúsar hendur þegar þær eru til staðar. Það getur margborgað sig að finna verk fyrir þær; frekar en að láta þær væflast í iðjuleysi.

## myndasögur

### ■ Pondus



Eftir Frode Øverli

### ■ Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### ■ Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

### ■ Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPOR EFTIR LILJU SIGURÐARDÓTTUR

# LAFÐI LILJA

Ástarsögubýðandinn Magni er nýkominn úr áfengismeðferð þegar morðalda gengur yfir Reykjavík. Magni þarf ekki aðeins að glíma við eigin breyskleika heldur fer fólk að tyna tölunni í kringum hann – og böndin að berast að honum sjálfum. **SPOR** er fyrsta glæpasaga **Lilju Sigurðardóttur**, sem kemur með nýtt blóð inn í konungsfjölskyldu íslenskra glæpasagnahöfunda.



DYNAMOREYKJAVÍK



★ ★ ★  
„Spennandi saga sem gengur upp.“  
KOP, Fréttablaðið

Útgáfuhátíð  
Eymundsson  
Skólavörðustíg  
kl 17 í dag!  
Velkomin!



BJARTUR

**> LANGAR TIL AÐ LEIKA**

Lady Gaga langar til að leika í bímynd. Söngkonan, sem er 23 ára, kom nýverið í bandaríska sjónvarpsþættinum Gossip Girl og langar nú til að bæta leiklistinni við tónlistarferil sinn. Gaga er sögð vera með rokk-óperu í smíðum, en langar einnig til að landa hlutverki í Hollywoodmynd um leið og henni gefst tími til.



# fólk

LADY GAGA  
folk@frettabladid.is

## Heldur tónleika fyrir Ellu Dís

„Ég var í ræktinni þegar ég sá viðtal við móður Ellu Dísar. Það snerti mig og mér fannst ég verða að gera eitthvað,“ segir Alan Jones sem skipuleggur styrktartónleika á Spot í Kópavogi á fimmtudaginn 19. nóvember. Allur ágóðinn mun renna til Ellu Dísar, en hún hefur glímt við stigvaxandi lömum frá því að hún fæddist alheilbrigði árið 2006. Eftir fjölda rannsókna er enn óljóst hvað hrjáir Ellu Dís en móðir hennar, Ragna Erlendsdóttir, hefur nú fundið lækni meðferð í Ísrael sem gefur góða von um lækningu og mun ágóðinn nýttast til að fjármagna hana.

„Ég talaði við Kristínu Ósk

Wium vinkonu mína sem hjálpaði mér að skipuleggja tónleikana. Allir sem við töluðum við voru tilbúnir að leggja þessu lið og þeir hjá Spot í Kópavogi voru tilbúnir að lána okkur staðinn endurgjaldslaust,“ útskýrir Alan, en auk hans og Kristínar koma meðal annars fram Edgar Smári, Thin Jim and the Castaways, Ingó Veðurguð, Ína Valgerður og María Magnúsdóttir.

Miðasala fer fram við innganginn og er miðaverð 1000 krónur en þeim, sem komast ekki á tónleikana en vilja leggja málefnið lið, er bent á styrktarreiðing Ellu Dísar 0525-15-020106, kt. 020106-3870. -ag



**LÆTUR GOTT AF SÉR LEIÐA** Alan Jones býst við góðri mætingu á styrktartónleikana á fimmtudaginn, en um 160 manns hafa nú þegar staðfest komu sína á Facebook.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Feður lærðu að flétta hár dætranna

„Þetta eru engin geimvísindi, bara æfing,“ segir Edda Björk Kristjánsdóttir á hárgreiðslustofunni Kompaníinu í Turninum, en þar fór fram námskeið um helgina þar sem feður lærðu að flétta hár dætra sinna.

Að sögn Eddu Bjarkar mættu um 40 manns og voru ánægðir með afraksturinn. „Þetta gekk rosalega vel. Það er á allra valdi að læra að flétta og greiða og karlmenn eru engin undantekning. Við kenndum nokkur grunnatriði svo sem að greiða hár, gera fléttur, fiskifléttur og fastar fléttur og setja í tagl. Það vilja allar stelpur vera með fint hár og vel til haft. Hægt er að gera þetta á auðveldan og einfaldan hátt með réttum tækjum svo sem spennum, burstum, flækjuspreyi, klemmum og teygjum,“ útskýrir Edda. „Það er greinilega þörf á svona námskeiði og ég hef nú þegar fengið meldingar um hvort þetta verði ekki aftur. Við höfum líka heyrt að konur þyrftu á svona námskeiði að halda því það eru ekki allar fæddar með fléttu-putta, svo við munum eflaust halda aftur eitthvað í líkingu við þetta,“ bætir hún við.



**ÆFINGIN SKAPAR MEISTARANN** Um 40 manns mættu á námskeiðið í Kompaníinu um helgina þar sem feður lærðu meðal annars að flétta hár dætra sinna.



**ÁNÆGÐIR MEÐ AFRAKSTURINN** „Við kenndum nokkur grunnatriði svo sem að greiða hár, gera fléttur, fiskifléttur, fastar fléttur og setja í tagl,“ segir Edda



Ásta Margrét Guðmundsdóttir og Lea Kristín Guðmundsdóttir voru á meðal gesta.



Jóhann Ríkharðsson og Jón Rúnar Halldórsson skemmtu sér vel á tónleikum.



Friðrik Ómar og Jógvan sungu lög af plötunni Vinalög sem hefur notið mikilla vinsælda.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## SUNGU VINSÆL VINALÖG

Söngvararnir Friðrik Ómar og Jógvan Hansen héldu tónleika í Salnum í Kópavogi á föstudagskvöld. Þar spiluðu þeir lög af hinni gríðarvinsælu plötu Vinalög. Platan hefur verið í þrjár vikur á toppnum yfir þær vinsælustu hér á landi, enda einkar vel heppnuð. Þar syngja Friðrik og Jógvan íslensk og færeysk dægurlög með sínu nefi.



Marteinn Karlsson og Sigurborg Halldórsdóttir mættu á tónleikana.



Emma Magnúsdóttir og Brynleifur Hallsson voru brosmild í Salnum.



Björk Práinsdóttir og Hlynur Sigurjónsson hlýðu á ómpýða tóna Friðriks og Jógvans.

# ÓDÝRT ALLA DAGA!

Samloka og Pepsi

299

kr.

Jumbósamloka og 33 cl Pepsi dós

11

alltaf í leiðinni!

EXPO • www.expo.is



**SIGURVEGARI KYNNTUR Í KVÖLD** Kristín Birgisdóttir og Fríða hjá Sölkunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Tólf skvísusögur í örsögukeppni

„Þetta var mjög lítill fyrirvari, en við ákváðum að setja auglýsingu á Facebook og sjá hvort við fengjum viðbrögð frá okkar kunnahópi,“ segir Fríða Garðarsdóttir hjá Bókaútgáfunni Sölkunni sem stendur fyrir svokallaðri „Chicklit“ örsögukeppni. Óskað var eftir léttum og skemmtilegum sögum úr kvannahversdegi og rann skilafrestur út í gær. „Það var í raun bara helgin sem fólk hafði til að skrifa en það komu allavega tólf sögur. Það er spennandi að sjá hvort ekki dúkki upp einhver skær ný „skvísu-mennta“ stjarna,

ein svona íslensk Sophie Kinsella. Nú eigum við orðið alla þessa fínu íslensku krimmahöfundu, en enginn hefur tekið að sér að skrifa skvísusögur fyrir íslenskan veruleika,“ segir Fríða.

Sigurvegurinn verður kynntur á bókakynningarkvöldi Sölkunni klukkan 20.30 í kvöld. Verðlaunin sem sigurvegurinn hlýtur eru ekki af verri endanum, en þau eru 15.000 króna gjafabréf frá Gyðju Collection og bækurnar Kaupalkinn í New York, Manstu mig og Konur eiga orðið, dagatalsbókin 2010.

-ag

# Konan sem heillaði heiminn

Í nýrri ævisögu Vigdísar  
Finnbogadóttur er fjallað  
ítarlega um uppvöxt hennar  
og ættir, áhrifavalda og  
mótunaröfl, uns hún,  
einstæð móðir og fráskilin,  
axlar það hlutskipti sem  
þjóðin fól henni. En hvert  
var það hlutskipti og hvaða  
fórnir þurfti að færa?



**KEMUR  
ÚT Í DAG  
17. NÓVEMBER**



Páll Valsson bregður upp einstakri mynd af Vigdísi, sorgum hennar og sigurum, þannig að saga hennar verður lesanda bæði nákominn og hugstæð.





# Reynir áfram að eignast að barn

Céline Dion er ekki barnshafandi eins og hún greindi frá í fjölmiðlum vestanhafs, en samkvæmt heimildum dagblaðsins Journal de Montreal báru glasafrjógungurarmedferðir sem hún gekkst undir í ágúst og október, ekki árangur. Hún og eiginmaður hennar, René Angelil, ætla að halda áfram að reyna að eignast annað barn, en saman eiga þau soninn René-Charles, 8 ára.

„Við erum að upplifa það sama og fjöldi fólks sem gengur í gegnum við glasafrjógungun. Ferlið getur tekið langan tíma og verið erfitt, en Céline gefst ekki upp,“ segir René, 67 ára. Hann og Dion, sem

er 41 árs, eignuðust René-Charles einnig með hjálp glasafrjógungunar. Þá hefur Céline gengist undir tvær glasafrjógungunarmedferðir nýlega, án árangurs.

„Ég dáist að öllum konum sem ganga í gegnum svona erfitt ferli. Síðan í apríl hefur Céline gengist undir fjölda skoðana, fengið hormónasprautur og farið í blóðrannsóknir,“ útskýrir René og segir þau hjón ætla að halda til New York um helgina til að fara í þriðju glasafrjógungunarmedferðina. „Við Céline missum ekki vonina,“ segir hann.

**VONGÓÐ** Céline Dion, 41 árs, og eiginmaður hennar René Angelil, 67 ára.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 17. nóvember 2009

### → Tónleikar

**21.00 Sigríður Thorlacius og Heiðurspiltar** flytja lög Jóns Múla auk annarra íslenskra dægurperla á tónleikum á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.



### → Sýningar

**Óskar Guðmundsson** hefur opnað myndlistarsýningu í Listasal IDU við Lækjargötu 2a. Opnið alla daga kl. 9-22.

**Gunnella** - Guðrún Elin Ólafsdóttir, hefur opnað sýninguna „Einu sinni var“ í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Opnið virka daga kl. 10-18, lau. kl. 11-16 og sun. kl. 14-16.

### → Höfundakynning

**20.00 Höfundakynning** fer fram hjá Bókasafni Seltjarnarness á Eiðistorgi. **Jón Kalman, Kristín Marja Baldursdóttir, Sigurður P. Ragnarsson, Steinn Sigurðardóttir og Styrmir Gunnarsson** kynna bækur sínar og svara fyrirspurnum. Allir velkomnir.

### → Kvikmyndir

**20.00** Kvikmyndasafnið sýnir kvikmynd leikstjórans Jean-Luc Godard „Pierrot le fou“ (1965). Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu 6 í Hafnarfirði.

### → Upplstur

**17.00 Anna Ingólfssdóttir** les upp úr nýutkominni bók sinni „Mjallhvítur“ fyrir yngstu börnin á Bókasafni Hafnarfjarðar við Strandgötu. Allir velkomnir.

### → Fyrirlestrar

**12.00 Lagadeild Háskólans í Reykjavík** stendur fyrir fundi í húsnæði skólans við Ofanleiti 2 (st. 201) undir yfirskriftinni „Er hópmálsókn tímabær á Íslandi. Erindi flytja **Gísli Tryggvason** og **Guðrún Björk Bjarnadóttir**.

**12.05 Guðmundur Jónsson** flytur erindið „Hvað er kreppa“ í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)

## Slettir úr klaufunum



Eiginkona fótboltakappans Wayne Rooney ákvað að sletta örlítið úr klaufunum með vinkonum sínum aðeins níu dögum eftir fæðingu frumburðarins. Herra Rooney er staddur í Dohar í Katarr þar sem hann og félagar hans í enska landsliðinu undirbúa sig fyrir leikinn gegn Brössum.

Coleen Rooney og vinkonur hennar skelltu sér á Beyoncé-tónleika og fóru þaðan á skemmtistað í nágrenninu á meðan foreldrar hennar gættu barnsins.

**SKEMMTIR SÉR** Coleen Rooney skellti sér á barninn á meðan maðurinn æfði fyrir landsleik.

Krabbameinsfélagið boðar til fyrirlestrar með Tómasi Guðbjartssyni, yfirlækni og prófessor við Landspítala:

# Lungnakrabbamein á Íslandi

-nýjar áherslur í meðferð

Fyrirlesturinn verður haldinn í húsnæði Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, í dag, þriðjudaginn 17. nóvember kl. 12:00.

Nánari upplýsingar á [www.krabb.is](http://www.krabb.is)

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir, aðgangur ókeypis.



Krabbameinsfélagið



Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



# BONUS BONUS



Fiskbúðin okkar

**NÝ FERSK ÝSUFLÖK  
ROÐ OG BEINLAUS  
998 kr.kg.**



**NF GRÆNMETISBUFF  
FULLELDAÐ - ÞARF AÐEINS AÐ HITTA  
1 KG. 998 kr.**



**BONUS KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR  
LÆRI OG LEGGIR  
498 kr.kg.**



**JÓLASMJÖRIÐ KOMIÐ  
20% LÆGRA VERÐ**

**BONUS  
BÝÐUR BETUR**



## Fjölmiðlar í Lúxemborg um Eið Smára Guðjohnsen: Sagður hafa lent í úti-stöðum á skemmtistað

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Eiður Smári Guðjohnsen er sagður hafa lent í úti-stöðum við annan gest á skemmtistað í Lúxemborg um helgina. Frá því var greint í þar-lendu dagblaði.

Blaðamaður Le Quotidien sagði í samtali við Fréttablaðið að fréttamaður frá blaðinu hefði komið auga á hann á skemmtistað í miðbæ Lúxemborgar.

„Hann hafði greinilega bragðað áfengi og lenti í úti-stöðum við annan gest á staðnum. Snörp orðaskipti áttu sér stað en þetta



**EIÐUR SMÁRI** Spilaði með íslenska landsliðinu í Lúxemborg um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

leystist allt mjög fljótt og voru engir frekari eftirmálar af þessu,“ sagði hann.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var Eiður Smári úti að skemmta sér með öðrum landsliðsmönnum eftir vináttulandsleik Lúxemborgar og Íslands á laugardaginn. Engar agareglur voru brotnar og munu íslensku leikmennirnir hafa haldið hópinn allt kvöldið. - esá

Haukar mæta Haukar 2 í bikarkeppni karla:

## Vil kenna strákun-um réttu handtökin

**HANDBOLTI** Tveir leikir fara fram í 16-liða úrslitum Eimskipsbikarkeppni karla í kvöld. Þróttur tekur á móti Selfossi í Laugardalshöllinni en þá eigast við lið Hauka og Hauka 2 á Ásvöllum.

Aron Kristjánsson er þjálfari Hauka en útilokar ekki að spila með Haukum 2 í leiknum.

„Þetta er auðvitað alvöru leikur – sannkallaður leikur leikjanna,“ sagði Aron í léttum dúr við Fréttablaðið. Hann vill gjarnan taka þátt í leiknum en gömul meidsli gætu haldið honum á hliðarlínunni.

„Ég hreinlega veit ekki hvort ég treysti hnénu. Ég spilaði með Haukum 2 gegn Val í bikarkeppninni fyrir tveimur árum og þurfti ég að fara í skurðaðgerð eftir þann leik. Ég er því efins núna,“ sagði hann.

„En það gæti vel verið að

maður komi inn á í smástund til að sýna strákunum hvernig best er að skjóta á Birki Ívar í markinu, hvernig á að gefa línusendingar og fleira,“ sagði hann og hló.

Órvar Guðmundsson er titlaður „eigandi“ liðs Hauka 2 og er nú að safna liði fyrir átök morgundagsins.

„Mér skilst að Sigurjón Bjarnason, Þorvarður Tjörvi Ólafsson, Þorkell Magnússon og fleiri góðir menn spili á morgun.

Það stóð jafnvel til að Bjarni Frostason myndi standa í markinu en Óskar Ármannsson er því miður meiddur. En ég á engu að síður von á afar skemmtilegum leik.“ - esá



**ARON KRISTJÁNSSON** Þjálfarinn sem gæti spilað gegn eigin leikmönnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Logi Geirsson segir sparnaði sínum vel varið:

## Stormur í vatnsglasi

**HANDBOLTI** Logi Geirsson segir að hann hafi látið yfirfara sínar fasteignir í kjölfar fréttaflytningu í Þýskalandi um að fjölmargir atvinnumenn í handbolta þarlandis hefðu verið gíntir í fasteignabraski.

„Ekki veit ég hvaðan fréttamennirnir fengu sínar upplýsingar því ég hef látið fara yfir mín mál og ekki útlit fyrir annað en að allt sé eins og það á að vera,“ sagði Logi við Fréttablaðið. Hann var einn þeirra sem voru nefndir sérstaklega á nafn í áður nefndri umfjöllun.

Samkvæmt fréttunum voru handboltamennirnir gíntir til að kaupa fasteignir á yfirverði. „Ég hef látið fara yfir allar íbúðirnar mína og fyrsta athugun hefur ekki leitt neitt óeðlilegt í ljós. Ég lít því á að þetta hafi verið lítið annað en stormur í vatnsglasi.“ - esá



**LOGI GEIRSSON** Var sagður gíntur í fasteignabraski. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Hann segir þó að hann muni áfram fylgjast vel með sínum fjárfestingum. „Þetta er minn atvinnumannasparnaður og ég vil auðvitað fara eins vel með þann pening og ég get. Hingað til hef ég fjárfest með góðri samvisku og mun gera það áfram.“ - esá



Skráðu þig fyrir miðnætti á föstudag!

# MISSTU EKKI AF ÞESSU!

TUGÞÚSUNDA SPARNAÐUR OG GLÆSILEGIR VINNINGAR

Skráðu þig í Sparitilboð N1 fyrir miðnætti á föstudag.

Allir þeir sem hafa skráð sig í Sparitilboðið geta sparað tugi þúsunda í rekstrarkostnaði bílsins og unnið ferðavinninga og fleira skemmtilegt.



Ferð til USA

Dekur í Laugum

Sushi frá OSUSHI

Snyrti-vörur

Ferðir til Evrópu









Konur! Konur! Konur! Konur! Konur!

# LAGERSALA

**Undirföt**  
**Náttföt**  
**Sundföt**



**LEPEL** undirföt – 50%  
**INTIMATE** undirföt – 75%  
**LEJABY** undirföt – 50%  
**CERES** náttfatnaður – 80%  
**LEPEL** sundföt – 50%  
**PANACHE** sundföt – 50%  
**BRANDTEK** kvenfatnaður – 90%



## DKCompany

Nýjar vörur á gömlu verði  
beint frá Danmörku í hverri viku

**MERK JAVÖRUR  
FYRIR MINNA  
60-80% AFSL.**

**SÓLGLERAUGU: 900 KR.  
BELTI 500 KR.**

Opið virka daga 12-18,  
laugardaga 10-17 og helgar 13-17

LAGERSALAN EHF. S. 662 4499  
SKEMMUVEGI 6 (FYRIR NEÐAN BYKO)

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Google á afritið

Bandaríkjaforseti sagði skólabörnun nýverið að hafa í huga hvað þau settu á Netið, það gæti komið í bakið á þeim síðar á ævinni. Velflestir eru meðvitaður um þessi sannindi og þeir til sem hugsa sig um tvisvar áður en þeir leggja nafn sitt við undirskriftalista og aðra kröfugerð sem fram fer á Netinu. Fjöldi fólks skráði sig þó á vefina **sammala.is** og **osammala.is** fyrr á árinu. Annar hópurinn með ESB-aðild og hinn á móti. Listi þeirra sammála er enn á Netinu, en hinn er gufaður upp. Netið gleymir hins vegar engu og Google leitarvélin geymir afrit af ósammálistanum.

### Einn á ósammálista

Það kemur í ljós við leit að í samningshópi Bændasamtakanna um landbúnaðarmál vegna umsóknar Íslands um aðild að ESB, sem skipaður var í síðustu viku, er ekki nema eitt nafn að finna á ósammálistanum. Það er nafn **Pálma Vilhjálmssonar**, framkvæmdastjóra hjá MS. Hin sem samningahópurinn skípa hafa ekki gefið upp skoðun sína með jafnafgerandi hætti, en það eru þau **Sigurbjartur Pálsson**, kartöflubóndi, **Erna Bjarnadóttir**, hagfræðingur og sviðsstjóri félagssviðs Bændasamtakanna, og **Baldur Helgi Benjamínsson**, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda.

### Vigdís og Fangavaktin

Fangavaktin naut gríðarlegra vinsælda á Stöð 2 og gaf góð fyrirheit fyrir kvikmyndinni Bjarnfreðarson, sem verður frumsýnd í desember. Ungir sem aldrei elska að hata Georg Bjarnfreðarson og Ólafur Ragnar er ástkærasti lúði íslenskrar sjónvarpssögu. Engum sögum fer af því hvort nafni þess síðarnefnda á Bessastöðum hafi fylgst með þáttunum, en sagan segir að forveri hans, frú **Vigdís Finnbogadóttir**, sé mikill aðdáandi og hafi ekki misst af þætti af Fangavaktinni. - ÓKA, - AFB



### Mest lesið

**visir.is**

- 1 TIME: Íslensk tíska blómstrar í bankahruninu.
- 2 Svíar skila hausjúpum.
- 3 Seldi fimm ára dóttur sína í kynlífsánaud - stúlkunnar leitað.
- 4 Tvö þúsund ásælast Haga.
- 5 Einar Skúlason býður sig fram gegn sitjandi borgarfulltrúa.
- 6 Erill í Reykjavík og eldur í Reykjanesbæ

### Verndarengill



**GULLSMÍÐJAN**  
 Guðrún Bjarnadóttir  
 Gullsmíður  
 LÆKJARGATA 34C  
 HAFNARFIRDI  
 565 4453  
**GULLSMÍÐJAN.IS**

# JÓLATILBOÐ

## JÓLATILBOÐ

**VERDDÆMI**  
 Queen size heilsurúm  
 (153x203 cm)  
 Verð 155.800 kr.

**NÚ 124.640 kr.**

# REKKJUNNAR

GEFðu þóna NÓTT Í JÓLAGJÓF Í ÁR  
**25% AFSLATTUR**  
 Á öllum sengurum og heilsurúmum

**JÓLATILBOÐ**  
 Sængurföt frá  
**5.175 kr.**

**JÓLATILBOÐ**  
 Heilsukoddar frá  
**5.915 kr.**

GEFðu þóna NÓTT Í JÓLAGJÓF Í ÁR  
**30% AFSLATTUR**  
 Á öllum heilsukodum í ljóð



**rekkjan**